

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 8

10. árgangur

6.2.2003

	Tilkynning til lesenda	1
I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/8/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 26. júlí 2002 um umhverfisskatta (Noregur)	2
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/8/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2995 – Apax Europe V/Goldman Sachs/Providence/Telekom Cable/JV)	22
2003/EES/8/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3035 – Berkshire Hathaway/Converium/Gaum)	23
2003/EES/8/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3084 – Siemens/Sequa/JV)	24
2003/EES/8/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3096 – TotalFinaElf/Mobil Gas)	25
2003/EES/8/06	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. COMP/M.3056 – Celanese/Degussa/European Oxo Chemicals JV)	26
2003/EES/8/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2763 – Toray/Murata/Teijin)	26

2003/EES/8/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2844 – Linde/Komatsu/Komatsu Forklift)	27
2003/EES/8/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2908 – Deutsche Post/DHL (II))	27
2003/EES/8/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2818 – Nestlé/Fonterra/JV)	28
2003/EES/8/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2820 – STMicroelectronics/Alcatel Microelectronics)	28
2003/EES/8/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3000 – Schroder Ventures Ltd/Compass)	29
2003/EES/8/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3038 – Aldeasa/Compass/Foodlasa)	29
2003/EES/8/14	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. COMP/M.3003 - Electrabel/Energia Italiana/Interpower)	30
2003/EES/8/15	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/KSE.1350 — RAG/Saarbergswerke/Preussag Anthrazit II	30
2003/EES/8/16	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2389 — Shell/DEA	30
2003/EES/8/17	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.919 — Gjöld í bönkum fyrir að skipta gjaldmiðli á evrusvæðinu - Þýskaland	31
2003/EES/8/18	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 104. fundi hennar 10. desember 2001 um fyrstu drög að ákvörðun varðandi mál COMP/M.2389 – Shell/DEA	31
2003/EES/8/19	Auglýst eftir aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í áætlun um mat á prófunum í tengslum við greiningu á smitandi heilahrörnun (TSE) í jórturdýrum	31
2003/EES/8/20	Tilkynning samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins um rekstur áætlunarflugs á tilteknum innanlandsleiðum	31
2003/EES/8/21	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá sænsku samgöngumálastofnuninni (Rikstrafiken), í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, vegna áætlunarflugs á eftirfarandi leiðum: Kiruna – Luleå, Kiruna – Umeå, Gällivare – Luleå, Gällivare – Umeå, Luleå – Umeå, Östersund - Umeå	32
2003/EES/8/22	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 76/2002 – Belgía	33
2003/EES/8/23	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 24/2002 - Frakkland	33
2003/EES/8/24	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar tilskipunar ráðsins 93/42/EBE	34
2003/EES/8/25	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	42

3. Dómstóllinn

TILKYNNING TIL LESENA

Í samræmi 38. lið 2. gr. Nice-sáttmálans um breytingu á 254. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins verða *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* birt undir heitinu *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* frá gildistöku sáttmálans 1. febrúar 2003. Heiti þessarar útgáfu breytist þar af leiðandi frá sama tíma og verður EES-viðbætur við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

svo á að áætlanir þær og fyrirætlanir, sem norska ríkisstjórnin gat um, gengju ekki nógu langt þar eð þær fælu ekki í sér neinar ákveðnar tillögur eða skuldbindingar sem gætu tryggt að frá og með 1. janúar 2002 væri farið að öllu leyti eftir nýju leiðbeiningunum um umhverfismál.

Eftir að hafa gert grein fyrir helstu efasemdum sínum um að tiltekna undanþágur frá umhverfissköttum samrýmdust leiðbeiningunum um umhverfismál fór eftirlitsstofnunin þess á leit við norsku ríkisstjórnina að hún legði fram ákveðnar tillögur um framkvæmdir og skuldbindingar sem nægðu til að tryggja að kröfurnar, sem eru settar fram í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, væru uppfylltar frá þeim degi sem mælt er fyrir um. Auk þess var þess farið á leit við norsku ríkisstjórnina að hún legði fram frekari upplýsingar, þ.m.t. rökstuðning fyrir viðkomandi ráðstöfunum til aðstoðar samkvæmt reglunum um ríkisaðstoð. Þessar tillögur, skuldbindingar og frekari upplýsingar áttu að berast eftirlitsstofnuninni innan tveggja mánaða frá móttöku bréfsins sem var dagsett 28. febrúar 2002.

Eftirlitsstofnunin lagði áherslu á að ef ekki bærust ákveðnar tillögur, skuldbindingar og frekari upplýsingar á þeim tíma, eins og eftirlitsstofnunin fór fram á, myndi hún hefja formlega rannsókn.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 15. maí 2002, sem var móttakið og skráð af eftirlitsstofnuninni 24. maí 2002 (skjal nr. 02-3995-A), lagði norska ríkisstjórnin fram frekari upplýsingar. Meðal annars greindi norska ríkisstjórnin eftirlitsstofnuninni frá umboði vinnuhóps sem komið var á fót til að meta afleiðingar nýju leiðbeininganna um umhverfismál fyrir norska raforkuskattkerfið. Þessi vinnuhópur var beðinn að skila bráðabirgðaskýrslu eigi síðar en 1. júlí 2002. Með tilliti til þessa fór norska ríkisstjórnin þess á leit við eftirlitsstofnunina að hún veitti rýmri tíma til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál.

Norsk stjórnvöld sendu eftirlitsstofnuninni afrit (á norsku) af bráðabirgðaskýrslu vinnuhópsins í tölvupósti, dags. 5. júlí 2002.

Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki tilkynnt henni formlega um þá skýrslu né heldur látið í ljós sjónarmið sín varðandi þær ályktanir sem voru settar fram í skýrslunni eða útskýrt til hvaða aðgerða hún hyggst grípa varðandi niðurstöður skýrslunnar. Einnig ber að geta þess að þessi skýrsla barst eftirlitsstofnuninni ekki fyrr en frestur til að leggja fram upplýsingar og tillögur var liðinn. Í ljósi þessara aðstæðna hefur eftirlitsstofnunin ekki tekið tillit til efnis þessarar bráðabirgðaskýrslu við mat á hinum ýmsu skattaráðstöfunum.

Lýsing á ráðstöfunum til aðstoðar

Eftirfarandi lýsing byggist að hluta til á upplýsingum sem norska ríkisstjórnin hefur veitt og að hluta til á upplýsingum sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum.

Eftirlitsstofnunin harmar að norska ríkisstjórnin skuli ekki hafa lagt fram afrit af lagaákvæðum sem gilda um hinar ýmsu skattaráðstafanir sem málið varða. Enn fremur veitir eftirlitsstofnunin því athygli að þótt hún hafi sérstaklega óskað eftir því við norsku ríkisstjórnina að hún legði fram fylgiskjöl, sem gerðu eftirlitsstofnuninni kleift að sannreyna uppbyggingu og röklegt samhengi norska umhverfisskattkerfisins, þ.m.t. öll viðeigandi grunnskjöl um markmiðin sem er framfylgt með umhverfissköttum og hinar ýmsu undanþágur, veitti norska ríkisstjórnin engar slíkar upplýsingar.

Skattur á raforkunotkun

Skattur á raforkunotkun var fyrst tekinn upp árið 1971. Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar (sbr. lýsingu í bréfi frá 31. janúar 2001) var markmiðið með skattinum það að tryggja hagkvæmari notkun raforku sem hefði í för með sér jákvæð umhverfisáhrif sem næðust ekki með öðrum hætti.

Skatturinn nær yfir alla raforkunotkun heimila, með fyrirvara um tiltekna undanþágur og, fram til ársins 1993, lækkað hlutfall fyrir ýmsar greinar iðnaðarins. Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar var þessum undanþágum og lækkaða hlutfalli komið á til að vega á móti skertri samkeppnishæfni. Í þessu sambandi lagði norska ríkisstjórnin fram gögn um raforkunotkun þeirra greina iðnaðarins sem njóta undanþágu og um aukinn kostnað þessara greina ef undanþágan frá raforkuskattinum væri afnumin.

Frá 1990 hafa allir notendur á Finnmörku og sjö sveitarfélög á Norður-Troms (Karlsøy, Kvæningen, Kåfjord, Lyngen, Nordreisa, Skjervøy og Storfjord) verið undanþegin skattinum. Þessi undanþága gildir bæði um heimilisnotkun og alla viðskiptastarfsemi.

Skatturinn náði til allra greina iðnaðarins fram til ársins 1992 en tiltekna greinar nutu fríðinda í formi lægra hlutfalls (það gildi um orkufrekan iðnað að öllu leyti eða að hluta⁽⁵⁾) og einnig um pappírsdeigs- og pappírsiðnað. Árið 1993 nutu þessar iðngreinar fullrar undanþágu. Frá 1. janúar 1994 var undanþágan víkkuð út svo að hún næði til alls framleiðsluiðnaðar, námuvinnslu og ylræktar. Samkvæmt upplýsingum norsku stjórnarinnar voru takmarkanir á undanþágu til orkufreks iðnaðar afnumdar vegna þess að skilgreiningin var óljós og ekki hægt að styðjast við hana. Frá árinu 1997 hafa fyrirtæki, sem nota vinnuafli og stunda iðnaðarframleiðslu, einnig verið undanþegin skattinum. Skatturinn er lagður á aðrar greinar iðnaðarins.

Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar var skattstofninn víkkaður út, frá 1. janúar 2001, svo að hann næði yfir raforkunotkun í stjórnunarbyggingum framleiðsluiðnaðarins og námuvinnslunnar. Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar leiddi þessi breyting til þess að þær aðstæður sköpuðust að einungis raforka, sem notuð var í framleiðsluferlinu, var undanþegin skattinum. Til þess að unnt sé að skilgreina byggingu sem stjórnunarbyggingu þarf a.m.k. 80% af rými hennar að vera notað sem aðstaða til stjórnunar. Þetta merkir að ef meira en 20% af rýminu er notað til framleiðslunnar á ekki að skattleggja raforku sem er veitt inn í þá byggingu. Þetta var, að áliti norsku ríkisstjórnarinnar, talin eina skilgreiningin sem hægt er að beita.

Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar ná gildandi undanþágur frá skattinum (þ.e. starfsgreina- og svæðisbundnar undanþágur) til u.þ.b. 45% af allri raforkunotkun og u.þ.b. 70% af raforkunotkun alls iðnaðar í Noregi.

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir gildandi skatthlutfall og undanþágur frá 1993 og byggist á tölum frá norsku ríkisstjórninni.

Tafla 1: Raforkuskattur í norskum aurum á kWh (tilgreint á verði frá 2002)

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Skatthlutfall	5.60	6.12	6.09	6.14	6.34	6.34	6.41	8.95	11.47	9.30
Lækkað hlutfall	2.80 ⁽⁶⁾	-(⁷)	-		-	-	-	-	-	-
Undanþágur	Orkufrekur iðnaður, pappírsdeigs- og pappírsiðnaður og gróðurhús	Framleiðsluiðnaður og námuvinnsla með undanþágu	Eins og 1994	Eins og 1994	Undanþága var víkkuð út svo að hún næði til fyrirtækja sem nýta vinnuafli og stunda iðnaðarframleiðslu	Eins og 1997	Eins og 1997 ⁽⁸⁾	Eins og 1999	Eins og 1999	Eins og 1999 að öðru leyti en því að raforka sem er notuð í stjórnunarbyggingum nýtur ekki undanþágu

Auk þessa veitti norska ríkisstjórnin upplýsingar um tekjur og reiknuð skattútgjöld vegna skattsins á raforkunotkun. Skattútgjöld reiknast sem niðurfelldar tekjur ríkisins vegna undanþágu frá sköttum í formi lækkaðra skatta. Við þessa útreikninga er ekki tekið tillit til hugsanlegra atferlibreytinga af völdum þess að undanþága frá skatti er afnumin.

Tafla 2: Skattur á raforkunotkun: Tekjur og skattútgjöld eru tilgreind í milljónum norskra króna:

	1999	2000	2001	2002
Tekjur	3 267	4 205	6 530	6 206
Skattútgjöld vegna undanþágu í einstökum greinum	2 735	3 940	5 595	4 605
Skattútgjöld vegna undanþágu á einstökum svæðum	100	140	190	160

⁽⁵⁾ Helstu greinar orkufreks iðnaðar eru áliðnaður og járnblendi.

⁽⁶⁾ Norska ríkisstjórnin benti á að í framleiðsluiðnaði og námuvinnslu væru einungis greiddir 2,3 aurar á kWh.

⁽⁷⁾ Framleiðsluiðnaður og námuvinnsla voru að fullu undanþegin skattinum frá 1. janúar 1994.

⁽⁸⁾ Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar hefur undanþága fyrir notendur með rafhitakatla þó verið afnumin.

Eftirlitsstofnunin veur athygli á að í viðeigandi lagaákvæðum, sem gilda um raforkuskattinn, virðist það vera ákveðið, sem almenn regla, að öll innlend raforkunotkun sé skattskyld (⁹). Í viðkomandi ákvæðum er á hinn bóginn mælt fyrir um undanþágur fyrir tiltekinn iðnað eða svæði (¹⁰). Undanþágur fyrir einstakar greinar eru skilgreindar út frá hagskýrsluflokkum þeirra. Í sumum tilvikum hefur gildissvið undanþágunnar verið skýrt eða takmarkað frekar svo að undanþágan nái ekki til raforku sem notuð er í stjórnunarbyggingum (¹¹).

CO₂-skattur

Koltvísýringsskattur á jarðefnaolíu og bensín var tekinn upp árið 1991 og á kol og koks árið 1992. Þegar skatturinn var tekinn upp var hann hluti af gildandi kerfi vörugjalda sem voru lögð á jarðefnaolíu, bensín, kol og koks. Lagt var til að CO₂-skatturinn yrði sérstakur skattur í löggjöfni sem hluti af umbótaferli með grænum sköttum frá árinu 1999. Ákveðið var að CO₂-skatturinn á jarðefnaolíu skyldi vera 0,490 norskar krónur á hvern lítra (¹²). CO₂-skatturinn á kol og koks var hækkaður úr 0,410 norskum krónum á hvert kíló í 0,490 (2002-) norskum krónum á hvert kíló á tímabilinu frá 1994 til 2002.

Skatturinn, sem er lagður á kol og koks, nær yfir vörur sem eru notaðar sem orkugjafi. Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar er notkun kola og koks sem hráefnis eða afoxunarefna í iðnaðarvinnslu undanþegin CO₂-skattinum. Þessi undanþága var samþykkt árið 1992 þegar CO₂-skatturinn á kol og koks var tekinn upp. Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar eru kol og koks notuð sem hráefni eða afoxunarefni við framleiðslu karbíðs, járnblendis og við grunnframleiðslu áls og magnesíums. Þessi iðnaður er einnig orkufrekur og gæti ekki borið sig án undanþágunnar. Í bréfi sínu, dags. 31. janúar 2002, lýsti norska ríkisstjórnin því yfir að ástæðan fyrir undanþágunni væri að sú tækni, sem fyrir liggur, byggðist á notkun kolefnis og að viðkomandi framleiðendur væru í alþjóðlegri samkeppni.

Koltvísýringsskatturinn er heldur ekki lagður á kol og koks sem eru notuð sem orkugjafi við framleiðslu á sementi og þöndum leir (leca). Sú undanþága var tekin upp árið 1992 þegar skatturinn gekk í gildi. Samkvæmt upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni er ástæðan fyrir þessari undanþágu sú að notkun annarra vara í stað kola og koks í miklum mæli yrði óarðbær og viðkomandi iðnaður yrði að standast alþjóðlega samkeppni.

Pappírseigs- og pappíríðnaðurinn hefur greitt lægra hlutfall eða 0,245 norskum krónum á hvern lítra frá því í janúar 1993.

Norska ríkisstjórnin hefur lagt fram upplýsingar um tekjur og skattútgjöld vegna CO₂-skattsins (¹³).

Tafla 3: Tekjur og skattútgjöld vegna CO₂-skatts í milljónum norskra króna (¹⁴):

	1999	2000	2001	2002
Tekjur	6 904	6 567	6 600	7 018
Skattútgjöld	2 125	2 175	2 230	2 270

Eftirlitsstofnunin veur athygli á að samkvæmt viðkomandi lagaákvæðum, sem gilda um CO₂-skatt, er tiltekin notkun skattskyldra vara undanþegin skattinum. Samkvæmt § 3-6-3 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald er heimilt að endurgreiða skattinn vegna vöru, sem er notuð sem hráefni, að því marki sem losun koltvísýrings út í andrúmsloftið er minni en kolefnisinnihald vörunnar gefur til kynna. Samkvæmt § 3-6-4 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald eru kol og koks undanþegin skattinum ef þau eru notuð sem afoxunarefni. Undanþágan nær aðeins til þess magns af vörunni sem er nauðsynlegt í afoxunarferlinu. Enn fremur eru kol og koks, sem eru notuð til að búa til gjall í tengslum við framleiðslu á sementi og þöndum leir, undanþegin skattinum.

Auk þess hefur skrifstofa tolla og vörugjalda gefið út skýringar með undanþágunum sem um getur hér að framan þar sem finna má frekari skýringar á ástæðunum fyrir undanþágunum sem um er að ræða (¹⁵).

(⁹) Sjá ákvörðun norska þingsins um raforkuskattinn, *Ákvörðun um skatt á raforkunotkun*, í tengslum við fjárlög ríkisins fyrir árið 2002 frá 28. nóvember 2001, § 1 og einnig 3. kafla reglnanna um vörugjald, § 3-12-1.

(¹⁰) Sjá ákvörðun norska þingsins um raforkuskattinn, *Ákvörðun um skatt á raforkunotkun*, í tengslum við fjárlög ríkisins fyrir árið 2002 frá 28. nóvember 2001, § 1 og einnig 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald, § 3-12-4.

(¹¹) Sjá 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald, § 3-12-5.

(¹²) Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar hefur fjárhæð skattsins, tilgreind í norskum krónum (2002), ekki breyst frá árinu 1994.

(¹³) Sjá skýringu hér að framan varðandi hugtakið „skattútgjöld“.

(¹⁴) Norska ríkisstjórnin hefur upplýst að tölur um koltvísýringsskatt á jarðefnaolíu séu fengnar með því að nota viðmiðunarverðið 0,49 norskum krónum á hvern lítra.

(¹⁵) Athugasemdir skrifstofu tolla og vörugjalda, „Undanþágur fyrir notkun í iðnaði, kol og koks“ (sjá samþykkt þingsins um koltvísýringsskatt, d-lið § 3 nr.1 og a-lið § 3 nr. 4, sbr. fyrirælin í §§ 3-6-3 og 3-6-4).

Í skýringunum kemur fram, að því er varðar notkun kola og koks sem hráefnis í iðnaði, að þegar kol og koks eru hluti af fullunninni vöru, annaðhvort endanlega eða til bráðabirgða, á þann hátt að ekki verði nein losun á koltvísýringi, eða losunin sé minni en við venjulegan bruna, sé notkun á kolum og koksi undanþegin skatti. Þetta á m.a. við ef kol og koks eru notuð sem hráefni við framleiðslu grafitrafskauta og rafskautamassa og við framleiðslu kalsíumkarbíðs.

Í skýringunum er það tekið fram, varðandi notkun kola og koks sem afoxunarefna í iðnaði, að í sumum tilvikum séu kol og koks nauðsynlegur hluti af efnaferlinu en verði ekki hluti af fullunnu vörunni. Í þeim tilvikum er magn koltvísýrings sambærilegt við þá losun sem verður við notkun kola og koks sem orkugjafa. Sagt er að ástæðan fyrir undanþágunni sé sú að ekki sé til neitt efni sem unnt er að nota í stað kola og koks í slíku ferli.

Norska ríkisstjórnin lagði fram tölur um losun koltvísýrings af völdum ýmiss konar iðnaðar og einnig mat á kostnaði vegna CO₂-skattsins.

SO₂-skattur

Skattur á jarðefnaolíu var tekinn upp árið 1970. Norska ríkisstjórnin skýrði frá því að samkvæmt reglugerð nr. 2 frá 17. september 1976 ⁽¹⁶⁾ skyldi endurgreiða allan þann skatt eða hluta af honum við álagningu ef losun við notkun vörunnar væri minni en brennisteinsinnihaldið gæfi til kynna. Allir notendur jarðefnaolíu gætu átt rétt á endurgreiðslu. Þetta sýndi, samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar, að SO₂-skatturinn væri í raun lagður á það magn brennisteinsdíoxíðs sem er losað í reynd.

Frá og með 1993 byggðist skatturinn á brennisteinsinnihaldi olíunnar og hækkaði í réttu hlutfalli við brennisteinsinnihaldið. Skattstofninn náði til jarðolíu, gasolíu, sólarolíu, dísilbílolíu, dísilolíu og brennsluolíu eða hvers kyns olíu sem nota mætti sem brennsluolíu. Brennisteinstengdum skatti, sem lagður var á jarðefnaolíu, var breytt í SO₂-skatt árið 1999.

Samtímis var skattstofninn víkkaður út svo að hann næði yfir kol og koks. Lægri skattur var þó lagður á losun brennisteinsdíoxíðs vegna notkunar á kolum og koksi. Í reglugerð nr. 961 frá 18. desember 1998 um brennisteinsskatt á jarðefni ⁽¹⁷⁾ var kveðið á um að beita skyldi mismunandi skatti eftir flokkum kola og koks á grundvelli þess hvert væri talið brennisteinsinnihald þeirra. Eftir að gildissvið SO₂-skattsins var víkkað út var endurgreiðslukerfið samkvæmt reglugerð nr. 2 frá 17. september 1976 (sjá áður) rýmkað svo að það næði einnig til nýju varanna sem voru skattlagðar.

Gildissvið skattsins var víkkað enn frekar árið 1999 svo að það næði einnig yfir losun brennisteinsdíoxíðs frá olíuhreinsistöðvum. Til að komast hjá tvísköttun var reglugerðinni nr. 961 frá 18. desember 1998 um brennisteinsskatt á jarðefni, § 1 nr. 3, komið í framkvæmd. Í ákvæðum hennar er mælt fyrir um að ef framleiðsluvaran hefur þegar verið skattlögð vegna losunar, sem fellur undir skattinn, skal fyrri skatturinn dreginn frá skattinum sem ber að greiða vegna losunarinnar. Hafi jarðefnaolía verið notuð við vinnslu í olíuhreinsistöðvum er breytingin frá 1999 í raun aðeins tæknileg breyting. Í stað þess að skattleggja losunina óbeint með endurgreiðslukerfi var skatturinn lagður á beint sem losunarskattur. Olíuhreinsistöðvar voru því aðskildar frá öðru og litið svo á að skilvirkara væri að leggja SO₂-skatt beint á losunina frá hreinsistöðinni. Norska ríkisstjórnin lítur svo á að einungis sé hægt að líta á losunarskattinn á olíuhreinsistöðvar sem „nýjan“ skatt að því marki sem losunin er af völdum efna sem hafa ekki verið skattlögð áður. Vegna þess að hráolía er notuð í olíuhreinsistöðvum til að framleiða jarðefnaolíuvörur er einnig um að ræða losun frá því ferli. Hráolía er þó ekki skattlögð sem framleiðsluvara og endurgreiðslukerfið nær því ekki til hennar.

Samkvæmt tölunum, sem norska ríkisstjórnin leggur fram, hefur grunnur SO₂-skatts á jarðefnaolíu lækkað úr 0,084 (2002-) norskum krónum á hvern lítra árið 1994 í 0,070 (2002-) norskur krónur á hvern lítra árið 2002. Hlutfall SO₂-skatts á kol, koks og olíuhreinsistöðvar lækkaði úr 3,24 (2002-) norskum krónum á hvert kíló brennisteinsdíoxíðs árið 1999 í 3,14 (2002-) norskur krónur á hvert kíló árið 2002.

SO₂-skattur á notkun kola og koks og á olíuhreinsistöðvar var felldur niður frá og með 1. janúar 2002. Norska ríkisstjórnin greindi frá því að í stað þess að leggja skatt á losun brennisteinsdíoxíðs í iðnaði, eins og áður var gert, yrðu settar reglur um leyfilega losun þess í samræmi við löggin um eftirlit með mengun.

Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar ber að líta á niðurfellingu skattsins í ljósi skuldbindinga norska ríkisins samkvæmt Gautaborgarbókuninni frá 1999 þar sem efri mörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs eru sett við 22 000 tonn fyrir árið 2010. Norska ríkisstjórnin greindi frá því að til að ná þessum losunarmörkum yrði losun brennisteinsdíoxíðs í Noregi að minnka um 7 000 tonn. Útreikningar

⁽¹⁶⁾ Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að henni var ekki send þessi reglugerð.

⁽¹⁷⁾ Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að henni var ekki send þessi reglugerð.

norska mengunarvarnareftirlitsins sýndu að best væri að ná fram þessari minnkun í vinnsluiðnaðinum. Í þessu skyni var undirrituð viljayfirlýsing 19. september 2001 af hálfu umhverfissráðuneytisins og samtaka norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði (PIL) fyrir hönd fyrirtækja í eftirfarandi greinum: olíuhreinsun, vinnslu iðefna og keramikefna, sements-, járnblendi- og áliðnaði.

Norska stjórnin lýsti því yfir að á umhverfissviðinu væru til ýmiss konar tæki og ráðstafanir sem þyrftu að skoða með tilliti til þess að valin yrði skilvirkasta leiðin að settu marki og skattaleiðin væri ein af þeim. Í þingsályktunartillögu nr. 54 (1997–1998) var bent á allmargar ráðstafanir sem miða að því að draga úr heildarlosun brennisteinsdíoxíðs og ákveðið var að lækka hlutfall skatts á notkun kola og koks. Þó sýndi niðurstaða athugunar, útgefin af norska mengunarvarnareftirlitinu, að aðeins væri hægt að draga lítið eitt úr losun með þessari skattalækkun. Þess vegna var skatturinn felldur niður og aðrar ráðstafanir gerðar, svo sem viljayfirlýsingin sem samið var um við samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni, sem samið var um, lýsa samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði því yfir fyrir hönd fyrirtækjanna, sem talin eru upp í viðaukanum við samninginn ⁽¹⁸⁾, að þau muni þróa tækni og byggja hreinsistöðvar sem dragi úr losun brennisteinsdíoxíðs í Noregi um a.m.k. 5 000 tonn. Enn fremur munu samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði leggja fram ákveðnar tillögur um það hvernig unnt sé að draga úr slíkri losun og jafnframt gera tillögur um hvernig megi minnka hana um 7 000 tonn í heild.

Í viljayfirlýsingunni er enn fremur kveðið á um að norska mengunarvarnareftirlitið (SFT) muni stjórna losun frá hverri starfsemi fyrir sig með veitingu leyfa í samræmi við löginn um mengun ásamt framkvæmd tilskipunar EB um heildstæðar mengunarvarnir (IPPC-tilskipunin) vegna iðnfyrirtækja sem þegar eru starfandi og á að starfrækja í samræmi við kröfur tilskipunarinnar frá og með 30. október 2007. Umhverfisverndaryfirvöldin stefna að því, að því marki sem löginn um mengun heimila, að losunarleyfin verði þannig gerð að iðnfyrirtækin hafi þann möguleika að uppfylla kröfurnar um að draga úr losun með því að gera sameiginlegar ráðstafanir þar sem það er talið árangursríkast. Í losunarleyfunum eiga einnig að koma fram reglur um einstök atriði sameiginlegrar framkvæmdar, þ.m.t. að farið sé að kröfum IPPC-tilskipunarinnar í einstökum stöðvum um notkun fullkomnustu tækni sem völ er á ⁽¹⁹⁾. Enn fremur skal framsetning losunarleyfa vera í samræmi við kröfur um annars konar aðferðir við eftirgjöf á sköttum í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um stuðning í umhverfismálum.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni, sem samið var um, skulu samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði leggja fram tillögur um hvaða aðferðir skuli nota til að reikna út eða meta losun brennisteinsdíoxíðs frá einstökum fyrirtækjum eigi síðar en 1. júní 2002.

Ríkisstjórn Noregs greindi frá því að hún hygðist setja reglur, í samræmi við löginn um mengun, sem verða helsta tækið til að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs frá iðnaði þar til frestur fyrir ráðstafanir til að draga úr losun rennur út, eigi síðar en árið 2010. Leyfi fyrirtækjanna verða þannig háð bindandi skyldum samkvæmt lögum. Í samræmi við það lagði ríkisstjórnin tillögu fyrir norska þingið þess efnis að skattur á losun brennisteinsdíoxíðs vegna notkunar á kolum og koxi og frá hreinsistöðvum yrði lagður niður frá og með 1. janúar 2002.

Loks er skýrt frá því að líta beri á samninginn við samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði sem viljayfirlýsingu sem sé ekki lagalega bindandi fyrir viðkomandi aðila. Norsk yfirvöld gera einnig þann fyrirvara að þessi samningur hafi verið í samræmi við leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um stuðning í umhverfismálum.

Samtök norskra fyrirtækja í vinnsluiðnaði hafa komið á fót svokölluðum „umhverfissjóði vinnsluiðnaðarinnar“ með það fyrir augum að koma viljayfirlýsingunni, sem samið var um, í framkvæmd. Sá sjóður er hugsaður sem óháður fjárvörslusjóður. Hvert einstakt fyrirtæki, sem á aðild að sjóðnum, mun hafa undirritað samkomulag um framkvæmd sjóðsins. Mikilvægasti þátturinn í samkomulaginu um framkvæmd er að fyrirtækin skuldbinda sig til að greiða til sjóðsins fjárhæð sem samsvarar fjárhæð gildandi SO₂-skatts. Fé sjóðsins verður varið til að fjármagna hreinsistöðvar sem hafa forgang samkvæmt kostnaði þar til markmið viljayfirlýsingarinnar hafa náðst.

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir endurgreiðslur og skattútgjöld ⁽²⁰⁾ vegna skatts á brennisteinsdíoxíð og byggist á tölum frá norsku ríkisstjórninni.

⁽¹⁸⁾ Þær greinar, sem eru taldar upp í viðbætinum, eru: olíuhreinsun, vinnsla iðefna og keramikefna, sements-, járnblendi- og áliðnaður.

⁽¹⁹⁾ „Best available techniques.“

⁽²⁰⁾ Sjá skýringu hér að framan varðandi hugtakið „skattútgjöld“.

Tafla 4: Tekjur og útgjöld vegna SO₂-skatts í milljónum norskra króna:

	1999	2000	2001	2002
Tekjur	344	117	140	98
Skattútgjöld	540	525	540	600

Norska ríkisstjórnin lagði einnig fram upplýsingar um losun brennisteinsdíoxíðs af völdum kola, koks og olíuhreinsistöðva og einnig mat á kostnaði vegna SO₂-skattsins.

II. MAT

Gildissvið þessarar ákvörðunar

Eftirlitsstofnunin bendir á að þessi ákvörðun takmarkist við mat á því hvort norska ríkisstjórnin hafi innt af hendi skyldur sínar að því er varðar þær viðeigandi ráðstafanir sem eftirlitsstofnunin leggur til og norska ríkisstjórnin hefur samþykkt. Þar af leiðandi er núverandi rannsókn einungis athugun á því hvort samræmis sé gætt við c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og nýju leiðbeiningarnar um aðstoðarkerfi í umhverfismálum sem gilda frá 1. janúar 2002.

Núverandi rannsókn tekur einungis til ráðstafana til aðstoðar, sem eru undanþágur frá raforkuskattinum, frávikum frá CO₂-skattinum, svo og þess að fella niður SO₂-skattinn að hluta til. Að því er varðar aðrar ráðstafanir, sem norska ríkisstjórnin sendi upplýsingar um í bréfi sínu dags. 31. janúar 2002, áskilur eftirlitsstofnunin sér rétt til að meta þær ráðstafanir síðar.

Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Norska ríkisstjórnin hélt því fram í bréfi sínu, dags. 15. maí 2002, gagnstætt því álitum sem kom fram í bréfi, dags. 31. janúar 2002, að líta mætti svo á að sumar af umræddum ráðstöfunum féllu utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnunin var hvött til að endurskoða þessar ráðstafanir í ljósi túlkunar norsku ríkisstjórnarinnar á hugtakinu ríkisaðstoð með tilliti til umhverfisskatta.

Norska ríkisstjórnin hélt því fram að starfsvenjur framkvæmdastjórnar EB ⁽²¹⁾ og fordæmisréttur dómstóls Evrópubandalaganna ⁽²²⁾ styddu það að EES-riki gæti sjálft ákvarðað hvaða vörur væru skattlagðar og hvaða sérstök not tiltekinn vara skyldu skattlögd. Ríkisstjórn Noregs lítur svo á að ráðstafanir, sem takmarkast við sérstök aðföng eða sérstaka notkun tiltekinn vara eða sérstaka starfrækslu, séu almenns eðlis. Slíkar ráðstafanir myndu ekki ívilna tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu tiltekinn vara öðrum fremur. Að því er varðar rökstuðning fyrir ráðstöfunum, sem hugsanlega þarf að færa fram, í ljósi markmiðanna sem er framfylgt með þeim ráðstöfunum, vísar ríkisstjórn Noregs í fordæmisrétt og tillögu framkvæmdastjórnar EB um að ráðið gefi út tilskipun um endurskipulagningu lagaramma bandalagsins um skattlagningu orkugjafa með lýsingu á aðstæðum þar sem litið væri svo á að eðli og almenn uppbygging viðkomandi skattkerfis réttlætti hagstæða skattameðferð ⁽²³⁾.

Með skírskotun til 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er „... *hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-riki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu tiltekinn vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila*“.

Í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins nær ríkisaðstoð til „... *ráðstafana sem á ýmsan hátt draga úr gjöldum sem eru venjulega hluti af fjárhagsáætlun fyrirtækis og sem eru, án þess að vera beinir styrkir í strangasta skilningi, svipaðs eðlis og hafa sömu áhrif* ...“ ⁽²⁴⁾.

⁽²¹⁾ Í því sambandi vísaði norska ríkisstjórnin sérstaklega í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 2002 um undanþágu, vegna „tvenns konar notkunar“, frá álagningu vegna loftslagsbreytinga í Breska konungsríkinu (ríkisaðstoð nr. C 18/2001 og C 19/2001) og einnig til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi raforkuumbætur í Danmörku (ríkisaðstoð N 416/99).

⁽²²⁾ Í þessu sambandi vísaði norska ríkisstjórnin til eftirfarandi mála: úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 2. júlí 1974, mál 173/73, *Italia gegn framkvæmdastjórninni* [1974] dómásafn EB 709, úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 2. febrúar 1988, sameinuð mál 67, 68 og 70/85, *van der Kooy gegn framkvæmdastjórninni* [1988], dómásafn EB 219, úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 17. júní 1999, mál C-75/97, *Belgia gegn framkvæmdastjórninni (Maribel bis/ter)* [1999], dómásafn EB I-3671 og úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 8. nóvember 2001, mál C-143/99, *Adria Wien Pipeline*.

⁽²³⁾ Auk fordæmisréttarins, sem að framan greinir, nefndi ríkisstjórn Noregs úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 22. nóvember 2001, mál C-53/00, *Ferring*.

⁽²⁴⁾ Úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 17. júní 1999, mál C-75/97, *Belgia gegn framkvæmdastjórninni, (Maribel bis/ter)* [1999] dómásafn EB I-3671, 23. mgr.

Þar af leiðandi telst kerfi, þar sem opinber yfirvöld veita tilteknum fyrirtækjum undanþágu frá skatti sem léttir af þeim hluta af kostnaði þeirra og veitir þeim fjárhagslegan ávinning sem styrkir samkeppnisstöðu þeirra, vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef aðstoðin getur haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og raskað samkeppni.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins taka ekki til álagningar umhverfisskatta í sjálfu sér að svo miklu leyti sem skattarnir eru almennar ráðstafanir sem ívilna ekki tilteknum iðnfyrirtækjum eða iðngreinum⁽²⁵⁾. Undanþágur frá almennum skatti falla þó undir þau ákvæði ef þeim er beint að tilteknum iðnfyrirtækjum eða iðngreinum án þess að unnt sé að rökstyðja undanþágurnar með eðli eða almennri uppbyggingu viðkomandi skattkerfis⁽²⁶⁾.

Í fyrsta lagi þarf að taka tillit til lagaákvæða, sem gilda um viðkomandi skattaráðstöfun, svo og áhrifa þeirra⁽²⁷⁾, og einnig þegar metið er hvort ráðstöfun er beint að tilteknum iðnfyrirtækjum eða iðngreinum. Þess vegna getur ráðstöfun verið sértæk ráðstöfun ef lagaákvæði afmarka með skýrum hætti skattalegan ávinning fyrir tilteknar greinar iðnaðarins. Séu engin slík skýr ákvæði til getur ráðstöfun þó verið sértæk ráðstöfun ef beiting tiltekinna viðmiðana, sem mælt er fyrir um í skattaákvæðum eða skilgreiningu gildissviðs viðkomandi skattaráðstafana, leiðir til þess að einungis tilteknar greinar iðnaðar, sem auðvelt er að greina, njóta hagstæðrar skattameðferðar.

Byrjað er á því að athuga uppbyggingu tiltekinna skattaráðstafana við mat á því hvort tilteknar ráðstafanir leiði af sér undanþágur eða frávik frá almennri reglu eða kerfi eða ekki. Ákvarða þarf, á grundvelli lagaákvæða sem gilda um viðkomandi skattaráðstafanir, hvort settar hafi verið almennar reglur sem undanþágur eru veittar frá⁽²⁸⁾. Þó ber að leggja áherslu á að ekki skiptir meginmáli um hvaða ráðstafanir er að ræða⁽²⁹⁾. Við ákvörðun á því hvort sérstök ráðstöfun teljist frávik ræður það ekki úrslitum hvort hún er í formi undanþágu eða takmörkunar á gildissviði. Meta verður hvort ráðstöfunin, sem um er að ræða, er í eðli sínu frávik frá almenna kerfinu þar sem henni er beitt⁽³⁰⁾. Þetta mat þarf að vera byggt á þeim markmiðum sem er framfylgt með ráðstöfuninni sem um er að ræða.

Eftirlitsstofnunin bendir á að dómstóll Evrópubandalaganna komst að þeirri niðurstöðu í Adria Wien-málinu að við mat á því hvort beita skuli reglum um ríkisaðstoð „... þurfi einungis að ákvarða hvort ráðstafanir ríkisins séu þess eðlis, samkvæmt sérstöku lögboðnu kerfi, að þær ívilni tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu tiltekinna vara í skilningi 1. mgr. 92. gr. sáttmálans, borið saman við önnur fyrirtæki sem eru, að lögum eða í reynd, í sambærilegri stöðu í ljósi markmiðanna sem er framfylgt með viðkomandi ráðstöfun“⁽³¹⁾.

Í öðru lagi þarf að ganga úr skugga um hvort „rökstuðningur sé fyrir undanþágunni á grundvelli eðlis eða almennrar uppbyggingar kerfisins“⁽³²⁾. Við mat á því hvaða rök geti verið fyrir umhverfissköttum verður að gæta sérstaklega að því hvaða stefna í umhverfismálum liggur að baki innlendu löggjöfinni, sem um er að ræða, og athuga þarf, með tilliti til þessarar stefnu, hvort réttlætjanlegt sé að atvinnurekendur fái mismunandi meðferð og hvort öll fyrirtæki eða greinar, sem hafa hag af skattaivilnunum, stuðli í jafnmiklum mæli að þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem ætlunin var að vinna gegn með því að taka upp viðkomandi skatt⁽³³⁾.

Loks vill eftirlitsstofnunin benda á að meginreglan er sú að viðkomandi EFTA-ríki geta komið á því umhverfisskattkerfi sem þeim hentar best. Þetta felur í sér frelsi fyrir EFTA-ríkin til að ákveða hvaða vörur og starfsemi skuli falla undir gildissvið sérstaks umhverfisskattkerfis. Þótt viðkomandi EFTA-ríki sé frjálst að kveða á um innlent umhverfisskattkerfi verður það þó, til að ekki myndist ósamræmi við reglur

⁽²⁵⁾ Sjá 1. undirlið liðar 17B.3.1. í kafla 17B í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð vegna ráðstafana er varða beina skattlagningu fyrirtækja.

⁽²⁶⁾ Sjá 4. undirlið liðar 17B.3.1. í kafla 17B í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð; sjá einnig úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 2. júlí 1974, mál 173/73, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [1974] dómásafn EB 709, 15. mgr.

⁽²⁷⁾ Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins „... er ekki gerður greinarmunur á ráðstöfunum af hálfu ríkisins með tilvísun til ástæðna eða tilgangs heldur eru þær skilgreindar út frá áhrifum þeirra“; „Maribel bis/ter“, 25. mgr.; sjá einnig úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 29. febrúar 1996, mál C-56/93, *Belgía gegn framkvæmdastjórninni* [1996] dómásafn EB I-723, 79. mgr.

⁽²⁸⁾ Sjá 4. undirlið liðar 17B.3.1. í kafla 17B í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð.

⁽²⁹⁾ Sjá álit Darmons aðallögmanns frá 17. september 1998, mál C-6/97, *Lýðveldið Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [1999] dómásafn EB I-2981, 27. mgr. 17. nmgr. „Formlegt heiti ráðstöfunarinnar skiptir ekki mestu máli (undanþága, lækkun, aukageta, frádráttur, eftirgjöf o.s.frv.) heldur eðli hennar sem skattaákvæðis sem veldur því að það skapast aðstæður sem heyra til undantekninga í þágu eins eða fleiri skattskyldra einstaklinga.“

⁽³⁰⁾ Sjá álit Darmons aðallögmanns frá 17. mars 1992, sameinuð mál C-72 og 73/91 [1993] dómásafn EB I-887, 50. mgr.

⁽³¹⁾ Úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 8. nóvember 2001, mál C-143/99, *Adria Wien Pipeline* [2001] dómásafn EB I-8365, 41. mgr.

⁽³²⁾ Úrskurður dómstóls Evrópubandalaganna frá 2. júlí 1974, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73, [1974] dómásafn EB 709, 15. mgr.

⁽³³⁾ Sjá úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 22. nóvember 2001, mál C-53/00, *Ferring SA gegn Aðalskrifstofu samtaka um almannatryggingar (ACOSS)* [2001] dómásafn EB I-9067, 17.–22. mgr.

EES-samningsins um ríkisaðstoð, að fullvissa sig um að ráðstafanir, sem ívilna tilteknum greinum iðnaðar, séu í samræmi við þau umhverfismarkmið sem liggja að baki þeim skattaráðstöfunum sem um er að ræða. Það er hlutverk viðkomandi ríkisstjórnar að veita upplýsingar sem gera eftirlitsstofnuninni kleift að sannreyna hvort unnt sé að líta svo á að með hagstæðri skattameðferð, sem tekin er upp, sé verið að framfylgja markmiðunum sem eru innbyggð í viðkomandi skattkerfi.

Eftirlitsstofnunin metur hinar ýmsu skattaráðstafanir á grundvelli þessa.

Raforkuskattur

Að áliti norsku ríkisstjórnarinnar geta viðkomandi skattfríðindaráðstafanir, frá og með 1. janúar 2001, ekki talist undanþága frá raforkuskattkerfinu til handa tilteknum greinum atvinnulífsins (framleiðslu og námuvinnslu) en ekki t.d. þjónustugreinum. Hún telur að líta beri svo á að skatturinn hafi takmarkað gildissvið sem nái til allrar annarrar notkunar á raforku en þeirrar sem notuð er til framleiðslu.

Ríkisstjórn Noregs lítur svo á að aðgreiningin, sem byggist á því til hvers raforkan er notuð, geti ekki, andstætt aðgreiningu eftir sérstökum greinum iðnaðar, talist aðstoð.

Eftirlitsstofnunin lítur svo á, á grundvelli viðeigandi reglna sem mælt er fyrir um í reglugerðinni um vörugjald (3. kafla), eins og fram kemur hér að framan, að núgildandi raforkuskattkerfi sé byggt upp á þann hátt að almenna reglan sé sú að leggja beri skatt á alla raforkunotkun. Sú röksemd norsku ríkisstjórnarinnar að almenna reglan, sem liggur að baki núverandi raforkuskattkerfi, sé sú að einungis skuli skattleggja raforku, sem er höfð til annarra nota en framleiðslu, virðist ekki eiga sér stoð í viðeigandi reglum sem vitnað er til hér að framan. Þessar reglur sýna glögg að tilteknar iðngreinar, sem eru skilgreindar eftir því hvernig þær eru flokkaðar hjá Hagstofu Noregs, eiga að vera undanþegnar skattinum. Þessi skilgreining á gildissviði fyrir undanþágur hefur það í för með sér að tilteknar greinar iðnaðar hafa ekki hag af undanþágunni jafnvel þó að ekki sé útilokað að innan þessara greina sé raforka einnig notuð til framleiðslu.

Fordæmisréttur varðandi þetta sýnir greinilega að líta ber svo á að undanþágur, sem eru skilgreindar út frá sérstökum greinum, séu sértækar ráðstafanir sem að jafnaði er ekki hægt að réttlæta með vísan til eðlis eða röklegs samhengis viðkomandi skattkerfis⁽³⁴⁾.

Auk þess er eftirlitsstofnunin ekki sannfærð um að unnt sé að líta svo á að undanþágurnar gefi rétta mynd af þeirri ákvörðun norsku ríkisstjórnarinnar að leggja aðeins skatt á tilteknar tegundir raforkunotkunar. Eins og norska ríkisstjórnin hefur sjálf lýst yfir (sjá bréf, dags. 31. janúar 2002) var þessum undanþágum fyrir tilteknar iðngreinar komið á til að vega á móti skertri samkeppnishæfni. Eftirlitsstofnunin veur einnig athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki útskýrt hvernig takmörkun á undanþágum, í þá veru að raforka sem er notuð í stjórnunarbyggingum sé skattlögð, geti tryggt það í reynd að einungis raforka, sem er notuð til framleiðslu, njóti undanþágu frá skattinum. Í þessu sambandi veur eftirlitsstofnunin sérstaka athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki skilgreint hvað ber að skoða sem framleiðslu og hvað not vegna stjórnunar. Einnig hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um hvort það sé í samræmi við yfirlýst markmið með raforkuskattinum, þ.e. að draga úr raforkunotkun, að undanskilja raforkunotkun í ákveðnum tilgangi, svo sem raforkunotkun til framleiðslu, en ekki aðra notkun.

Loks kemur það einnig skýrt fram í fordæmisrétti að svæðisbundinn munur á beitingu skattráðstafana sé sértæk ráðstöfun sem fellur undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽³⁵⁾.

Eftirlitsstofnunin hefur, í ljósi framangreindra atriða og á grundvelli upplýsinga sem hún hefur undir höndum, komist að þeirri niðurstöðu að undanþágur frá raforkuskattinum fyrir tilteknar iðngreinar og svæði, eins og mælt er fyrir um í § 3-12-4 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald, geti verið sértæk ráðstöfun sem virðist vera frávik frá almenna kerfinu um skattlagningu raforkunotkunar.

⁽³⁴⁾ Í *Adria Wien*-úrskurðinum, komst dómstóll Evrópubandalaganna að þeirri niðurstöðu að „... eðli eða almenn uppygging skattkerfis geti ekki verið rökstuðningur fyrir því að veita þeim fyrirtækjum ívilnanir sem starfa aðallega að vöruframleiðslu ...“, 49. mgr. Enn fremur komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu í *Maribel*-málinu „, að takmarkanir á síaukunum niðurfærslum í vissum greinum gerðu það að verkum að þessar niðurfærslur yrðu að vera valkvæðar til að uppfylla það skilyrði að vera sértækar ráðstafanir“, 28.–31. mgr.

⁽³⁵⁾ Úrskurður EFTA-dómstólsins frá 20. júlí 1999 varðandi norska almannatryggingaskattinn sem er mismunandi eftir svæðum, mál E-6/98, *Ríkisstjórn Noregs gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], skýrsla EFTA-dómstólsins, bls.74.

Þessar undanþágur veita þeim fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning sem falla undir undanþágurnar þar eð gjöldum, sem alla jafna væru á fjárhagsáætlun þessara fyrirtækja, er létt af þeim. Þessi ávinningur er veittur með fjármunum ríkisins þar eð ríkið missir af tekjum. Samkvæmt tölum, sem norsk yfirvöld létu í té, var tap á skatttekjum vegna undanþágna einstakra starfsgreina og svæða metið 4 605 milljónir norskra króna annars vegar og 160 milljónir norskra króna hins vegar árið 2000 ⁽³⁶⁾. Viðtökufyrirtækin reka atvinnustarfsemi á mörkuðum þar sem viðskipti eru eða gætu verið milli samningsaðila eða mörkuðum þar sem fyrirtæki frá öðrum EES-ríkjum gætu óskað eftir að setjast að. Undanþágurnar raska því eða gætu raskað samkeppni og gætu haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Þannig er hægt að líta svo á að undanþágurnar frá raforkuskattinum fyrir tiltekinn iðnað og svæði séu aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

CO₂-skattur

Undanþágur fyrir kol og koks sem eru notuð sem hráefni eða afoxunarefni

Norska ríkisstjórnin leit svo á að undanþágurnar frá CO₂-skattinum á kol og koks, sem notuð eru sem hráefni og á kol og koks sem notuð eru sem afoxunarefni, gætu verið utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Norska ríkisstjórnin hélt því fram að báðar undanþágurnar væru skilgreindar fyrir sérstök not vörunnar, sem um er að ræða, og ekki sem undanþága/lækkun sem gildir fyrir tiltekin fyrirtæki eða framleiðslu tiltekinna vara. Þessa undanþágu geta öll fyrirtæki fengið sem nota kol og koks í þessum tilgangi. Norska ríkisstjórnin leit svo á að við slíkar aðstæður væri einungis hægt að segja að undanþága frá skatti vegna sérstakra nota vörunnar væri „sértæk ráðstöfun“ ef tiltekin fyrirtæki nytu ekki undanþágurnar, jafnvel þótt þau notuðu einnig vöruna í þeim tilgangi sem er lýst í ákvæðinu um undanþáguna.

Norska ríkisstjórnin hélt því fram að að öðrum kosti mætti a.m.k. rökstyðja frávik vegna notkunar kola og koks sem hráefnis með meginreglunni sem lægi til grundvallar og væri framfylgt í reynd.

Norska ríkisstjórnin lýsti því yfir að markmiðið með CO₂-skattinum væri að draga úr losun koltvísýrings. Skatturinn væri lagður á jarðefnaolíur sem væru notaðar sem orkugjafi. Að því marki sem tiltekin notkun á jarðefnaolíum, önnur en sú að nota þær sem orkugjafa, leiddi ekki til losunar koltvísýrings mætti líta svo á að rökin fyrir viðkomandi ráðstöfun væru næg ástæða fyrir undanþágunum eða endurgreiðslunum.

Í þessu sambandi lét norska ríkisstjórnin þess getið að vinnsla kola og koks í endanlega vöru valdi engri eða óverulegri losun koltvísýrings. Ástæðan sem er gefin fyrir þessu er annaðhvort „lágt“ hitastig (400–500 °C) eða að ferlið fari fram í súrefnisþurrð. Þar sem tilgangurinn með skattinum beinist að losun koltvísýrings má, að álitinu norsku ríkisstjórnarinnar, réttlæta frávik vegna notkunar kola og koks sem hráefnis með markmiðinu sem liggur til grundvallar og er framfylgt í reynd.

Að álitinu norsku ríkisstjórnarinnar var markmiðið með því að skattleggja notkun kola og koks að hluta til að draga úr því að þessar vörur væru notaðar sem orkugjafi og að hluta til að forðast að í stað jarðefnaolíu, sem þegar hefur verið skattlögð, verði skipt yfir í notkun kola og koks sem ekki hefur verið lagður skattur á. Norska ríkisstjórnin hélt því fram, að teknu tilliti til þessara markmiða, að undanþága vegna notkunar kola og koks sem hráefnis og afoxunarefna, en ekki sem orkugjafa, gæti talist réttlætunleg. Enn fremur færði norska ríkisstjórnin fram þau rök að þar sem hún kæmi ekki auga á aðrar vörur, sem mætti nota í staðinn í þessari vinnslu, mætti líta svo á að báðar undanþágurnar væru réttlætunlegar af þeirri ástæðu.

Eftirlitsstofnunin veitir því athygli að möguleiki á endurgreiðslu fyrir kol og koks, sem eru notuð sem hráefni, eða undanþágu fyrir kol og koks, sem eru notuð sem afoxunarefni, er ekki skilgreindur með tilliti til tiltekinna greinar iðnaðarins. Samt litur út fyrir að kol og koks séu einungis notuð í sérstökum tilgangi í tilteknum iðngreinum. Þess vegna hljóta undanþágurnar, sem takmarkast við þessa notkun, að koma aðeins þessum iðngreinum til góða. Auk þess veitir eftirlitsstofnunin því athygli að ríkisstjórn Noregs virðist sjálf líta svo á að þessum undanþágum sé beint að sérstökum iðngreinum, aðallega framleiðslu karbíðs, járnblendis og grunnframleiðsluálgs og magnesíums og heldur því fram að þessar iðngreinar gætu ekki borið sig án undanþágunnar ⁽³⁷⁾.

⁽³⁶⁾ Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar voru þessar tölur teknar úr *frumvarpi til fjárlaga S. nr. 1 (2001-2002)*.

⁽³⁷⁾ Eftirlitsstofnunin tekur einnig mið af riti norsku ríkisstjórnarinnar um stefnu í málum er varða loftslagsbreytingar þar sem í töflu nr. 2 er vísað í „*greinar sem eru undanþegnar skatti: ...kol og koks sem eru notuð við vinnslu (járnblendis, karbíð og álíðnaður)*“ (undirstrikað hér).

Á þessu stigi útilokar eftirlitsstofnunin ekki að ákveðnar undanþágur eða lækkanir geti verið réttlætanager ef hægt er að sýna fram á að tiltekin notkun umræddra, skattskyldra vara stuðli ekki að þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem vinna átti gegn með því að taka upp viðkomandi skatt.

Hins vegar vekur eftirlitsstofnunin athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki veitt upplýsingar, sem unnt er að sannreyna, um losun koldíoxíðs vegna notkunar kola og koks sem hráefnis í hinum ýmsu iðngreinum sem undanþágan tekur til. Ríkisstjórn Noregs hefur heldur ekki útskýrt hvernig endurgreiðslukerfinu, sem var komið á með 1. lið § 3-6-3 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald, er beitt í reynd. Þar af leiðandi hafði eftirlitsstofnunin ekki forsendur til að fullvissa sig um að undanþágunni væri beitt á þann hátt að hún takmarkaðist við vinnslu sem hefur ekki losun koltvísýrings í för með sér.

Að því er varðar undanþágur frá CO₂-skatti á kol og koks, sem eru notuð sem afoxunarefni (sjá § 3-6-4 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald), vekur eftirlitsstofnunin athygli á að samkvæmt skýringum, sem skrifstofa tolla og vörugjalda gefur út, hefur notkun kola og koks, sem er nauðsynleg við efnavinnslu, í för með sér losun koltvísýrings í álíka miklum mæli og þegar kol og koks eru notuð sem orkugjafi. Þar af leiðandi virðist undanþágan vera í mótsögn við markmiðin með CO₂-skattinum, þ.e. að greiða skuli gjald af vörum sem hafa losun koltvísýrings í för með sér. Samkvæmt upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni var ástæðan fyrir undanþágunni sú að ekki voru fánleg nein efni sem unnt væri að nota í stað kola og koks við slíka vinnslu.

Í þessu sambandi vekur eftirlitsstofnunin athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram neinar frekari upplýsingar sem gætu gert eftirlitsstofnuninni kleift að sannreyna að þær iðngreinar, sem njóta undanþágu, séu í reynd þannig staddar að segja megi að ekki hafi verið fánleg nein önnur efni sem hefði mátt nota í staðinn í viðkomandi iðnaði. Ríkisstjórn Noregs hefur heldur ekki útskýrt hvers vegna ekki ætti að leggja á CO₂-skatt í slíkum tilvikum.

Í leiðbeiningunum um umhverfismál kemur fram að í ráðstöfunum til aðstoðar, sem varða umhverfisskatta, verður að taka tillit til meginreglna um markmið stefnumótunar í umhverfismálum þegar metið er hvort ráðstöfunin samræmist EES-reglum um ríkisaðstoð. Grundvallarreglurnar, sem vísað er til í leiðbeiningunum, eru meginreglan um „að sá greiðir sem mengar“. Til samræmis við og skv. 19. lið leiðbeininganna, „... skal ekki lengur beita aðstoð til að bæta upp kostnað sem hefur ekki verið innfelldur. Ef taka á tillit til umhverfiskrafna til langs tíma skal verð endurspegla nákvæmlega kostnað og kostnaður við umhverfisvernd skal vera að fullu innfelldur.“

Í ljósi framangreindra sjónarmiða hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að unnt sé að réttlæta endurgreiðsluna á CO₂-skattinum á kol og koks, sem notuð eru sem hráefni og undanþágur fyrir kol og koks, sem notuð eru sem afoxunarefni, með vísan til eðlis og röklegs samhengis viðkomandi skattkerfis. Auk þess vekur eftirlitsstofnunin athygli á að ríkisstjórn Noregs hélt því fram, í bréfi sínu, dags. 31. janúar 2002, að iðngreinar, sem fengju undanþágurnar, væru orkufrekar iðnaðar sem væri í alþjóðlegri samkeppni og gæti ekki borið sig án þeirra. Þetta virðist benda til þess að þau rök sem liggja að baki undanþágunum eigi ekki rætur sínar að rekja til uppbyggingar viðkomandi skattkerfis.

Undanþága fyrir notkun kola og koks sem orkugjafa við framleiðslu á sementi og þöndum leir“.

Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar var ástæðan fyrir því að veita undanþágu vegna notkunar kola og koks sem orkugjafa við framleiðslu á sementi og þöndum leir að hluta til sú að óarðbært væri að nota önnur efni í stórum stíl í stað kola og koks og að hluta til sú að þessi iðnaður væri í alþjóðlegri samkeppni. Það fyrrnefnda gæti bent til, samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar, að nauðsynlegt magn orkugjafa ákvarðaðist af framleiðsluferlinu og eini möguleikinn væri að nota annað efni í staðinn fyrir koks í stað þess að draga úr notkun þess. Í þessu sambandi færði norska ríkisstjórnin fram þau rök að svo virtist sem ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í málinu um tvenns konar notkun hefði það í för með sér að taka yrði tillit til þess hve takmarkað svigrúm framleiðandi hefði til að breyta tegund og magni orkugjafa sem nauðsynlegur væri fyrir vinnsluna. Norska ríkisstjórnin viðurkenndi þó að hugsanlega þyrfti að fara fram frekara mat vegna undanþágu fyrir framleiðslu á sementi og þöndum leir. Norska ríkisstjórnin greindi því eftirlitsstofnuninni frá því að ítarlegra mat á þessari undanþágu myndi fara fram við samningu fjárlaga ríkisins fyrir árið 2003.

Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að þessi undanþága takmarkast við sérstaka grein iðnaðar og fer einnig í bága við þá almennu reglu, sem var sett samkvæmt CO₂-skattkerfinu, að skattleggja skyldi alla notkun kola og koks sem orkugjafa. Undanþágan er því ráðstöfun sem er bundin við ákveðnar greinar og að

jafnaði er ekki hægt að réttlæta hana með vísan til eðlis eða röklegs samhengis viðkomandi skattkerfis⁽³⁸⁾. Í þessu sambandi vekur eftirlitsstofnunin athygli á því að norska ríkisstjórnin hefur ekki sýnt fram á að það yrði aðeins sementsiðnaðurinn sem þarfnadist sérstakrar meðferðar í ljósi meintra vandamála í tengslum við það að hafa ekki yfir að ráða efnunum sem gætu komið í staðinn fyrir kol og koks. Eins og fram kemur hér að framan⁽³⁹⁾ er þetta heldur ekki í sjálfu sér rökstuðningur fyrir því að vika frá reglunum, jafnvel þótt það hefði það í för með sér að ekki yrðu notaðar neinar aðrar vörur í staðinn í sementsiðnaði, að því marki sem slíkt frávik er andstætt umhverfismarkmiðunum sem verið er að framfylgja.

Niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar er sú að ríkisstjórn Noregs hafi ekki veitt nægar upplýsingar til að sýna fram á að eðli og almenn uppbygging skattkerfisins fyrir losun koltvísýrings geti talist réttlæta undanþágurnar sem um er að ræða.

Eftirlitsstofnuninni er kunnugt um ákvörðun framkvæmdastjórnar EB varðandi málið um „tvenns konar notkun“ í Breska konungsríkinu⁽⁴⁰⁾ og einnig tillögu framkvæmdastjórnar EB varðandi nýja skipan skattlagningar orku í Evrópusambandinu⁽⁴¹⁾. Eftirlitsstofnunin útilokar ekki að sú umfjöllun sem liggur að baki mati framkvæmdastjórnar EB geti skipt máli að því er varðar undanþágurnar frá CO₂-skattinum á kol og koks sem er notað sem hráefni eða afoxunarefni. Eftirlitsstofnunin bendir þó á að ekki sé víst að markmiðin, sem eru sett með tillögu framkvæmdastjórnar EB, um skattlagningu orku og sem, að sögn framkvæmdastjórnar EB réttlæta tilteknar undanþágur frá skattinum, sem um er að ræða, séu þau sömu og framfylgt er með norska skattkerfinu. Mat verður lagt á það mál að lokinni formlegri rannsókn.

Lækkað skatthlutfall fyrir pappír og pappírsdeig

Loks vekur eftirlitsstofnunin athygli á að lækkað hlutfall fyrir pappírs- og pappírsdeigsiðnað er bundið við ákveðnar greinar. Ríkisstjórn Noregs hefur ekki lagt fram rök sem gætu réttlætt slíkt frávik vegna eðlis eða almennrar uppbyggingar skattkerfisins fyrir losun koltvísýrings.

Niðurstöður

Frávikin skv. §§ 3-6-3 og 3-6-4 í 3. kafla reglugerðarinnar um vörugjald, og einnig lækkað skatthlutfall fyrir pappírs- og pappírsdeigsiðnaðinn, veita þeim fyrirtækjum, sem falla undir undanþágurnar, fjárhagslegan ávinning. Þannig er gjöldum, sem alla jafna væru á fjárhagsáætlun fyrirtækja sem nota jarðefni á þann hátt sem lýst er hér að framan, létt af þeim og veitir það þeim ávinning umfram önnur fyrirtæki. Þessi ávinningur er veittur með fjármunum ríkisins þar eð ríkið missir af tekjum. Samkvæmt upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni eru skattútgjöld vegna undanþágnanna metin á 2 270 milljónir norskra króna. Viðtökufyrirtækin reka atvinnustarfsemi á mörkuðum þar sem viðskipti eru eða gætu verið milli samningsaðila eða mörkuðum þar sem fyrirtæki frá öðrum EES-ríkjum gætu óskað eftir að setjast að. Undanþágurnar raska því eða gætu raskað samkeppni og gætu haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Af þeim sökum, og á grundvelli upplýsinganna sem ríkisstjórn Noregs hefur haldið fram, hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um það sem norska ríkisstjórnin hélt fram að undanþágur og lækkuð hlutföll CO₂-skattsins séu ekki aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

SO₂-skattur

Ríkisstjórn Noregs setti fram þau rök að ef skattur á olíuhreinsistöðvar teldist „nýr“ skattur væri hann sértækur þar eð hann væri aðeins lagður á hreinsistöðvar. Til að geta talist „nýr“ skattur yrði losunarskatturinn að beinast að ákveðnu grunnefni, öðru en jarðefnaolíu og kolum og koksi, sem hefði ekki áður verið skattlagt (t.d. hráolía). Með tilliti til þessa var norska ríkisstjórnin þeirrar skoðunar að niðurfelling sértæka skattsins árið 2002 gæti ekki talist sértæk ráðstöfun í þeim skilningi að um væri að ræða „aðstoð“ skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Norska ríkisstjórnin lét í ljós þá skoðun sína að niðurfelling skatta á kol og koks gæti verið utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽³⁸⁾ Í *Adria Wien*-úrskurðinum, komst dómstóll Evrópubandalaganna að þeirri niðurstöðu að „... eðli eða almenn uppbygging skattkerfis geti ekki réttlætt það að veita þeim fyrirtækjum ívilnanir sem starfa aðallega að vöruframleiðslu ...“, 49. mgr. Enn fremur komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu í *Maribel*-málinu „að takmarkanir á síauknum niðurfærslum í vissum greinum gerðu það að verkum að þessar niðurfærslur yrðu að vera valkvæðar til að uppfylla það skilyrði að vera sértækar ráðstafanir“, 28.–31. mgr.

⁽³⁹⁾ Sjá hér að framan þar sem vísað er til krafna um „innfellingu kostnaðar“ eins og mælt er fyrir um í 19. lið leiðbeininganna um umhverfismál.

⁽⁴⁰⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 2002 um undanþágu, vegna „tvenns konar notkunar“, frá álagningu vegna loftslagsbreytinga í Breska konungsríkinu (ríkisaðstoð nr. C 18/2001 og C 19/2001).

⁽⁴¹⁾ COM (1997) 30, lokagerð, Stjtið. EB 1997 C 139/14.

Ríkisstjórn Noregs færði fram þau rök að til þess að ráðstöfun teldist sértæk ráðstöfun yrði hún að fela í sér undanþágu eða lækkun frá almennri skattlagningu sem beindist að tiltekinni grein efnahagslífsins eða tilteknu svæði. Skattkerfi þar sem t.d. væri lagður skattur á ákveðnar vörur eða starfsemi en ekki aðrar væri ekki sértækt í eðli sínu. Niðurfelling SO₂-skattsins á notkun kola og koks getur því ekki, að áliti norsku ríkisstjórnarinnar, talist aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnunin hefur kannað hvort sú ákvörðun að láta skattinn ekki ná til kola og koks, svo og losunar frá olíuhreinsistöðvum, hafi þau áhrif að ívilna framleiðslu á tilteknum vörum eða tilteknum fyrirtækjum, borið saman við önnur fyrirtæki sem eru að lögum og í reynd í sambærilegri stöðu í ljósi markmiðanna sem verið er að framfylgja með viðkomandi ráðstöfun.

Fyrst vekur eftirlitsstofnunin athygli á að niðurfelling SO₂-skattsins á kol og koks takmarkar gildissvið skattsins án þess þó að greina á milli mismunandi flokka fyrirtækja eða starfsgreina. Gildissvið SO₂-skattsins er ákvarðað með því að undanskilja sérstaka framleiðslu, þ.e. framleiðslu þar sem kol og koks er notað. Niðurfelling SO₂-skattsins á kol og koks ætti að jafnaði að koma til góða öllum fyrirtækjum í Noregi sem nota kol og koks. Ýmislegt bendir þó til þess að niðurfellingunni sé beint að sérstökum greinum iðnaðarins. Á grundvelli upplýsinga sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum virðist svo sem útvíkkun gildissviðsins árið 1999, og einnig takmörkun gildissviðsins árið 2002, hafi snert u.þ.b. 30 fyrirtæki í eftirfarandi starfsgreinum: olíuhreinsun, framleiðslu á sementi og þöndum leir og framleiðslu karbíðs, áls og járblendis⁽⁴²⁾. Að því er varðar niðurfellingu SO₂-skattsins fyrir olíuhreinsistöðvar lítur eftirlitsstofnunin svo á að þessi takmörkun gildissviðs fyrir SO₂-skatt sé bundin við ákveðnar greinar. Auk þess veitir eftirlitsstofnunin því athygli að þessar iðngreinar falla undir viljayfirlýsinguna sem norska ríkisstjórnin og samtök norskra fyrirtækja í vinnslu iðnaði komu sér saman um. Vegna þess að tenging er á milli niðurfellingar á skattinum og yfirlýsingarinnar má líta svo á að niðurfelling SO₂-skattsins beinist að þeim iðngreinum sem samningurinn tekur til.

Í ljósi þess heildarmarkmiðs að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs virðist eðlilegt að skattkerfi, sem beinist að losun brennisteinsdíoxíðs, nái yfir mestan hluta losunarinnar; á hinn bóginn virðist svo við fyrstu sýn að takmörkun á gildissviði skattkerfisins, sem hefði það í för með sér að aðeins lítill hluti þeirra sem losa brennisteinsdíoxíð yrði skattlagður, sé ekki í samræmi við markmiðin eins og þau eru skilgreind af norsku ríkisstjórninni.

Í þessu sambandi vekur eftirlitsstofnunin þó athygli á að samkvæmt upplýsingum, sem hún hefur aðgang að, féll aðeins um 20% af allri losun brennisteinsdíoxíðs undir skattinn áður en gildissvið hans var vikkað út⁽⁴³⁾. Eftir að gildissvið skattsins hafði verið vikkað út féllu u.þ.b. 80% af losun brennisteinsdíoxíðs undir skattinn⁽⁴⁴⁾.

Niðurfellingin leiðir til aðstæðna þar sem iðngreinar, sem valda losun brennisteinsdíoxíðs, greiða ekki allar í reynd fyrir slíka losun í formi skatts á brennisteinsdíoxíð. Þess vegna getur eftirlitsstofnunin ekki, að teknu tilliti til markmiðanna sem er framfylgt með SO₂-skattinum, útilokað að niðurfelling SO₂-skattsins hafi í för með sér mismunandi skattameðferð á iðngreinar sem eru í sambærilegri aðstöðu út frá umhverfissjónarmiðum.

Enn fremur getur eftirlitsstofnunin ekki, án þess að fá nákvæmari upplýsingar um þetta atriði, útilokað að niðurfelling skattsins á notkun kola og koks sem eldsneytis geti orðið ávinningur fyrir ákveðin fyrirtæki, borið saman við fyrirtæki í vinnslu iðnaði sem nota jarðefnaolíu sem eldsneyti. Þess vegna getur orðið röskun á samkeppni innan hinna ýmsu greina iðnaðarins eftir því í hve miklum mæli þau nota vörur sem eru ýmist skattlagðar eða ekki⁽⁴⁵⁾.

Eftirlitsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, í ljósi framangreindrar umfjöllunar og á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum, að niðurfelling SO₂-skatts á kol og koks og olíuhreinsistöðvar sé fjárhagslegur ávinningur fyrir fyrirtæki sem starfa í ákveðnum greinum og hafi því áhrif sem eru sambærileg við undanþágu frá skatti. Norska ríkisstjórnin hefur í raun afsalað sér rétti til að taka við skattgreiðslum frá fyrirtækjum í þessum greinum og þannig fært þeim efnahagslegan ávinning.

⁽⁴²⁾ Þessar upplýsingar eru fengnar úr skjali ríkisstjórnarinnar um græna skatta, þingsályktunartillögu nr. 54 (1997-1998), 6. kafla, lið 6.2.5.

⁽⁴³⁾ Sjá skjal ríkisstjórnarinnar um græna skatta, þingsályktunartillögu nr. 54 (1997-1998), 6. kafla, lið 6.2.5.

⁽⁴⁴⁾ Þingsályktunartillaga nr. 1 (2001-2002) — FIN, liður 3.11.

⁽⁴⁵⁾ Svo virðist, a.m.k. að svo miklu leyti sem þessar vörur eru notaðar sem eldsneyti, sem unnt sé að nota aðrar vörur í stað þeirra; sjá tillögu að tilskipun ráðsins um endurskipulagningu lagaramma bandalagsins um skattlagningu orkugjafa: „Ljóst er að unnt er að nota aðrar vörur í stað allra þessara vara, beint eða óbeint, að svo miklu leyti sem þær eru notaðar sem eldsneyti til hitunar, og þess vegna ættu þær allar að vera innan sama lagaramma um skattlagningu.“

Sá efnahagslegi ávinningur var því veittur með fjármunum ríkisins. Samkvæmt upplýsingum, sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum ⁽⁴⁶⁾, á grundvelli núgildandi hlutfalls SO₂-skattsins, sem nemur 3,09 norskum krónum á hvert kíló, hefði skatturinn jafngilt árlegum skatttekjum á bilinu 40–50 milljónir norskra króna. Tölurnar, sem norska ríkisstjórnin lagði fram varðandi skattútgjöld í tengslum við undanþágur frá SO₂-skatti gefa til kynna að áætlað hafi verið að tap á skatttekjum lækkaði um 60 milljónir norskra króna frá árinu 2001 til ársins 2002.

Viðtökufyrirtækin reka atvinnustarfsemi á mörkuðum þar sem viðskipti eru eða gætu verið milli samningsaðilanna eða mörkuðum þar sem fyrirtæki frá öðrum EES-ríkjum gætu óskað að setjast að. Undanþágurnar raska því eða gætu raskað samkeppni og gætu haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Af þeim sökum og á grundvelli upplýsinga, sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum, lítur eftirlitsstofnunin svo á að líta megi á niðurfellingu SO₂-skattsins sem aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Flokkun sem „ný aðstoð“ frá 1. Janúar 2002

Með því að samþykkja þær viðeigandi ráðstafanir, sem eftirlitsstofnunin lagði til, var ríkisstjórn Noregs lagalega skuldbundin (sjá bréf hennar, dags. 6. júlí 2001) til að færa gildandi aðstoðarkerfi til samræmis við kröfurnar sem eru settar fram í leiðbeiningunum um umhverfismál fyrir 1. janúar 2002 ⁽⁴⁷⁾.

Eftirlitsstofnunin vill benda á að hefði ríkisstjórn Noregs ekki veitt samþykki sitt fyrir þessum viðeigandi ráðstöfunum með undirritun hefði eftirlitsstofnuninni borið skylda til að hefja formlega rannsókn á öllum gildandi aðstoðarkerfum í Noregi, hefði hún haft efasemdir um að þau samrýmdust nýju leiðbeiningunum um umhverfismál ⁽⁴⁸⁾. Að því marki sem tilteknar ráðstafanir hefðu talist ósamrýmanlegar kröfunum, sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, hefði eftirlitsstofnunin óskað eftir því við norsku ríkisstjórnina að hún samþykkti nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja slíkt samræmi eða afnumið að öðrum kosti viðkomandi ráðstafanir til aðstoðar. Sú staðreynd að norska ríkisstjórnin samþykkti þessar viðeigandi ráðstafanir, en gerði ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla skyldurnar sem þær hafa í för með sér, getur ekki orðið til þess að norska ríkisstjórnin komist undan lagalegum afleiðingum samþykkis síns.

Með því að samþykkja þessar viðeigandi ráðstafanir tókst norska ríkisstjórnin á hendur skyldur sem fela það í sér að afnema þarf öll aðstoðarkerfi, sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, eigi síðar en 1. janúar 2002. Með samþykkinu tók norska ríkisstjórnin á sig skuldbindingar sem hún getur ekki vikið frá einhliða.

Eftirlitsstofnunin vekur athygli á beiðni norsku ríkisstjórnarinnar um að fá lengri frest til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í leiðbeiningunum um umhverfismál í ljósi niðurstöðu vinnuhópsins sem var beðinn að skila bráðabirgðaskýrslu 1. júlí 2002.

Eftirlitsstofnunin veitir því athygli að norska ríkisstjórnin hefur ekki tilkynnt henni formlega um þá skýrslu né heldur látið í ljós sjónarmið sín varðandi þær ályktanir sem voru settar fram í skýrslunni eða útskýrt hvaða aðgerða hún hyggst grípa til í samræmi við niðurstöður skýrslunnar. Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að meira en 14 mánuðum eftir gildistöku nýju leiðbeininganna um umhverfismál hafa enn ekki komið fram neinar fastmótaðar tillögur frá norsku ríkisstjórninni um það hvernig gildandi aðstoðarkerfum verði breytt til samræmis við kröfurnar sem eru settar fram í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál. Án slíkra fastra tillagna eða skuldbindinga er ómögulegt fyrir eftirlitsstofnunina að fullvissa sig um að núverandi aðstoðarkerfi geti í reynd, en þó síðar en í upphafi var gert ráð fyrir, talist í samræmi við nýju leiðbeiningarnar um umhverfismál.

⁽⁴⁶⁾ Fréttablað Samtaka norskra fyrirtækja í vinnsluáæði, dags. 18. desember 2001, „Norskur iðnaður tekur ábyrgð á minnkandi losun brennisteinsdíoxíds“.

⁽⁴⁷⁾ Rökin eru fordæmisréttur dómstóls Evrópubandalaganna um að viðeigandi ráðstafanir, sem viðkomandi ríki samþykkir, séu bindandi; sjá úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 24. mars 1993, mál C-313/90, *Comité International de la Rayonne et des Fibres Synthétiques og fleiri gegn framkvæmdastjórninni* [1993] dómasafn EB I-1125.

⁽⁴⁸⁾ Sbr. 2. undirlíð liðar 7.4.3. í 7. kafla í tengslum við 5. kafla í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð, einkum 1. undirlíð liðar 5.2.

Norska ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram upplýsingar sem sýna fram á að það taki lengri tíma að gera hæfilegar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, en þar er gert ráð fyrir. Auk þess hefur norska ríkisstjórnin ekki haldið því fram að ekki sé hægt að grípa til ráðstafana sem fela það í sér að aðstoð, sem kann að vera ósamrýmanleg, sé afnumin afturvirk, þ.e. frá og með 1. janúar 2002.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða lítur eftirlitsstofnunin svo á að norska ríkisstjórnin hafi ekki lagt fram nægileg rök fyrir því að lengja þann frest sem er veittur til koma á samræmi.

Eftirlitsstofnunin lítur því í fyrstu svo á að líta beri á öll aðstoðarkerfi, sem taka gildi eftir 1. janúar 2002, og sem reynast ósamrýmanleg kröfunum sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, sem „nýja aðstoð“⁽⁴⁹⁾.

Eftirlitsstofnunin minnir norsku ríkisstjórnina á að samkvæmt lið 6.2.3 í 6. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð er hægt að krefjast endurgreiðslu ólöglegar aðstoðar frá viðtakendum ef eftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að bótakerfið samrýmist ekki EES-samningnum.

Samhæfi ráðstafana til aðstoðar

Mat á ráðstöfun til aðstoðar skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins í tengslum við 15. kafla um aðstoð vegna umhverfisverndar í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð

Í 42. lið leiðbeininganna um umhverfismál stendur: „þegar teknir eru upp skattar, sem lagðir eru á ákveðna starfsemi vegna verndunar umhverfisins, geta EFTA-ríkin talið nauðsynlegt að setja ákvæði um bráðabirgðaundanþágur fyrir tiltekin fyrirtæki, einkum af þeirri ástæðu að samhæfing innan Evrópu sé ekki nægileg eða að tímabundin hætta sé á að alþjóðleg samkeppnishæfni þeirra minnki.“

Samkvæmt leiðbeiningunum teljast slíkar undanþágur aðstoð við rekstur en „... neikvæð áhrif slíkrar aðstoðar er hægt að bæta upp með jákvæðum áhrifum þess að taka upp skatta. Þar af leiðir að ef slíkar undanþágur eru nauðsynlegar til að tryggja að skattar, sem eru lagðir á allar vörur, séu teknir upp eða þeim beitt áfram lítur eftirlitsstofnunin svo á að þær séu viðunandi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og í takmarkaðan tíma. Þetta getur verið 10 ára tímabil ef skilyrðin eru uppfyllt ...“.

Samkvæmt 43. lið leiðbeininganna um umhverfismál „geta þau fyrirtæki, sem skatturinn hefur áhrif á, átt í vissum erfðileikum með að laga sig hratt að nýrri skattaálagu ef skatturinn samsvarar ekki skatti sem ber að leggja á í Evrópubandalaginu samkvæmt ákvörðun bandalagsins. Við slíkar aðstæður má réttlæta það að veita undanþágu tímabundið sem gerir tilteknum fyrirtækjum kleift að laga sig að nýrri stöðu.“

Í leiðbeiningunum er síðan mælt fyrir um þær sérstöku kröfur sem þarf að uppfylla til að njóta 10 ára undanþágunnar (sbr. 46. lið í leiðbeiningunum um umhverfismál). Kröfurnar eru einnig háðar því hvort umræddur skattur samsvarar samræmdum skatti bandalagsins eða ekki.

Eftirlitsstofnunin bendir á að undanþágur megi að jafnaði einungis samþykkja samkvæmt leiðbeiningunum þegar um er að ræða „nýja umhverfisskatta“. Þetta merkir annars vegar að viðkomandi skattur verður að vera „umhverfisskattur“ eins og hann er skilgreindur í 7. lið leiðbeininganna. Það felur í sér að viðkomandi EFTA-ríki verður að sýna fram á ætluð umhverfisáhrif álagningarinnar. Auk þess skulu viðkomandi undanþágur einungis veittar vegna nýlegra skatta. Þegar um er að ræða „gildandi skatta“ verður viðkomandi EFTA-ríki að sýna fram á að skilyrðin, sem eru tölusett í lið 46.2 eða 47 í leiðbeiningunum um umhverfismál, séu uppfyllt.

Almennt, og í tilvikum þar sem enginn samsvarandi, samræmdur bandalagsskattur er til, er 10 ára undanþágan hugsanlega réttlætanleg ef undanþágur frá skattinum eru skilyrtar því að gerðir hafi verið samningar þar sem fyrirtæki, sem njóta aðstoðar, skuldbinda sig til að ná markmiðum um umhverfisvernd eða þar sem undanþágurnar eru háðar skilyrðum sem hafa sömu áhrif (sbr. a-lið liðar 46.1.). Í a-lið liðar 46.1 er mælt fyrir um frekari skilyrði sem þarf að uppfylla til að samningurinn eða skuldbindingin geti talist réttlætanleg. Eftirlitsstofnunin metur efni samninganna. EFTA-ríki verða að tryggja strangt eftirlit með skuldbindingum sem fyrirtæki eða fyrirtækjasamtök takast á hendur. Samningarnir, sem EFTA-ríkin gera við viðkomandi fyrirtæki, verða að fela í sér reglur um viðurlög sem hægt er að beita ef ekki er staðið við skuldbindingar.

⁽⁴⁹⁾ Sjá úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna frá 24. mars 1993, mál C-313/90, *Comité International de la Rayonne et des Fibres Synthétiques gegn framkvæmdastjórninni* [1993] dómásafn EB I-1125, 35. mgr.; sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar EB um að hefja formlega rannsókn í máli um ríkisaðstoð nr. C 37/2000 (ex NN 60/2000, ex E 19/94, ex E 13/91 og N 204/86) varðandi kerfi fjárhagslegrar og skattalegrar aðstoðar við frísvæðið Madeira (Portúgal), birt í Stjórnartíðindum EB 2000 C 301/4, og ákvörðun framkvæmdastjórnar EB um að samþykkja viðeigandi ráðstafanir í máli sem varðar ríkisaðstoð nr. E 10/2000 varðandi „Gewährträgerhaftung und Anstaltslast“ í Þýskalandi, bréf til þýska yfirvalda, dags. 27. mars 2002.

Sé ekki um að ræða slíka samninga og skuldbindingar má veita undanþágur frá viðkomandi skatti ef fyrirtækin, sem eiga rétt á þeim, greiða umtalsvert hlutfall af innlenda skattinum (sbr. annan valkost í b-lið liðar 46.1.). Ef lækkinin varðar hins vegar skatt, sem samsvarar samræmdum bandalagsskatti, er þess krafist í leiðbeiningunum að fjárhæðin, sem viðkomandi fyrirtæki greiða í reynd, sé alltaf hærri en lágmarksfjárhæð bandalagsins til að hvetja til aukinnar umhverfisverndar (sbr. fyrsta valkost í b-lið liðar 46.1.).

Loks þarf viðkomandi EFTA-ríki að sýna að viðkomandi skattaráðstöfun hafi veruleg áhrif í þá veru að vernda umhverfið og að undanþágurnar grafi ekki, eðli sínu samkvæmt, undan almennum markmiðum sem er framfylgt (sbr. 45. lið leiðbeininganna).

Raforkuskattur

Eftirlitsstofnunin veur í upphafi athygli á þeirri staðreynd að samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar hefur vinnuhópi verið komið á fót til að rannsaka afleiðingarnar af nýju leiðbeiningunum um umhverfismál fyrir raforkuskatt í Noregi. Þessi vinnuhópur var beðinn að skila bráðabirgðaskýrslu eigi síðar en 1. júlí 2002. Norska ríkisstjórnin fjallar um allar ráðstafanir, sem þessi vinnuhópur gerir, í tengslum við fjárhagsáætlun ríkisins fyrir árið 2003. Norska ríkisstjórnin lagði ekki fram neinar frekari upplýsingar eða ástæður sem réttlæta undanþágur frá raforkuskattinum eða varðandi það hvort undanþágurnar samrýmist leiðbeiningunum um umhverfismál.

Eftirlitsstofnunin veur athygli á að eins og sakir standa er enginn samræmdur raforkuskattur til innan bandalagsins. Hins vegar hafa nokkur af aðildarríkjum EB tekið upp skatta á raforkunotkun. Þessir skattar eru mjög mismunandi með tilliti til skatthlutfalls og uppbyggingar, þ.m.t. fyrirkomulag á undanþágum og endurgreiðslu. Þessi mismunur veldur því að erfitt er að bera saman raforkuskattkerfi í aðildarríkjum EB og í Noregi. Eftirlitsstofnunin veitir eftirtekt upplýsingum sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram varðandi áætlaða kostnaðaraukningu vegna þess að undanþágur frá skatti eru dregnar til baka. Þessar tölur geta bent til þess að fyrir sumar iðngreinar a.m.k. sé nauðsynlegt að bæta upp kostnað vegna raforkuskattsins. Á grundvelli þessa má líta svo á að undanþágur fyrir tiltekna iðngreinar samkvæmt norska raforkuskattkerfinu séu réttlætunarlegar til að bæta upp skerta samkeppnishæfni.

Til að halda jafnvægi á milli umhverfislegra sjónarmiða og þeirra sjónarmiða að viðhalda samkeppnisskilyrðum tiltekinna iðngreina verða undanþágur þó að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum.

Á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga, sem norska ríkisstjórnin veitti um ástæður sem réttlæta *svæðisbundnar undanþágur frá raforkuskattinum* samkvæmt nýju leiðbeiningunum um umhverfismál, gerir eftirlitsstofnunin eftirfarandi athugasemdir:

Í fyrsta lagi veur eftirlitsstofnunin athygli á að raforkuskatturinn var tekinn upp árið 1971 og ber því að líta á hann sem „gildandi skatt“. Á grundvelli upplýsinganna, sem norska ríkisstjórnin lagði fram, virðast hinar ýmsu undanþágur frá skatti hafa verið samþykktar eftir að skatturinn var tekinn upp. Norska ríkisstjórnin hefur ekki gefið skýringu á því hvernig möguleikinn á undanþágu, sem gefinn er í lið 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál, geti átt við um undanþágur frá gildandi skattlagningu. Einkum veitir eftirlitsstofnunin því athygli að engin umtalsverð hækkun varð á skatthlutfalli árin 1993, 1994 og 1997 þegar viðbótarundanþágur voru teknar upp. Eftirlitsstofnunin hefur engar upplýsingar um undanþágur sem voru veittar árið 1993 og hugsanlega fyrir þann tíma.

Auk þess hefur norska ríkisstjórnin einungis sett fram almennar yfirlýsingar varðandi markmiðin með raforkuskattinum. Hún hefur þó ekki veitt upplýsingar, sem krafist er skv. 7. lið í leiðbeiningunum um umhverfismál, sem eiga að sýna að raforkuskatturinn hafi jákvæð umhverfisáhrif.

Andstætt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í lið 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál, er undanþágan hvorki skilyrt því að gerðir hafi verið umhverfissamningar né heldur greiða fyrirtæki, sem eiga rétt á undanþágu, umtalsverðan hluta af innlenda skattinum (þar eð þau njóta fullrar undanþágu). Þess vegna bendir eftirlitsstofnunin á að tölurnar, sem norska ríkisstjórnin leggur fram varðandi áætlaða kostnaðaraukningu vegna niðurfellingar á gildandi undanþágum frá raforkuskattinum, geta ekki einar og sér réttlætt undanþágurnar. Leggja verður nákvæmara mat á þessar tölur þegar ákvarða skal hvað telja megj „umtalsvert hlutfall“ af innlendum skatti sem viðkomandi fyrirtæki yrðu að greiða til að geta nýtt sér möguleikann á undanþágu sem um getur í b-lið liðar 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál.

Andstætt kröfunum, sem mælt er fyrir um í 45. lið leiðbeininganna um umhverfismál, hefur norska ríkisstjórnin ekki sýnt fram á að undanþágurnar grafi ekki undan almennum markmiðum með raforkuskattinum. Miðað við að u.þ.b. 70% af raforkunotkun iðnfyrirtækja í Noregi eru undanþeginn skatti

telur eftirlitsstofnunin ekki fullvíst að markmiðið með skattinum, þ.e. að draga úr raforkunotkun, hafi náðst þótt möguleikar á því að fá undanþágu séu miklir.

Loks hefur norska ríkisstjórnin hvorki sýnt fram á að undanþágurnar séu til bráðabirgða né heldur tímasett neinar skuldbindingar að því er varðar takmörkun aðstoðar.

Að því er varðar *svæðisbundin frávik frá raforkuskattinum* hefur norska ríkisstjórnin bent á að sérstök þörf sé fyrir raforkunotkun á svæðum sem eiga rétt á undanþágu. Hún benti á að óblið veðurskilyrði og miklar fjarlægðir á þessum sérstöku svæðum gerðu það að verkum að ytri aðstæður fyrirtækja gerðu reksturinn erfiðan og undanþágurnar gætu því talist réttlætanlegar vegna þess að þær teldust vera aðstoð til svæðisbundinnar þróunar. Enn fremur næði undanþágan til allra iðngreina þannig að engu fyrirtæki væri mismunað með henni.

Þótt eftirlitsstofnunin bæði norsk yfirvöld sérstaklega að leggja fram gildar ástæður, sem réttlæta viðkomandi ráðstafanir, vekur hún athygli á að engin slík rök hafa verið lögð fram (norska ríkisstjórnin lýsti því aðeins yfir að það væri á hendi vinnuhópsins að athuga annað skattafyrirkomulag sem áformað er að verði í samræmi við nýju leiðbeiningarnar um umhverfismál). Á meðan réttlætningarástæður vantar hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að svæðisbundnu undanþágurnar geti talist í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að undanþágurnar frá raforkuskattinum samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

CO₂-skattur

Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að eins og sakir standa er enginn samræmdur CO₂-skattur til innan bandalagsins. Eftirlitsstofnuninni er kunnugt um að í nokkrum aðildarríkjum EB hafa verið teknir upp CO₂-skattar (einkum í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Hollandi) ⁽⁵⁰⁾. Þessir skattar eru mjög mismunandi með tilliti til skatthlutfalls og uppbyggingar, þ.m.t. skattstofn og fyrirkomulag á undanþágum og endurgreiðslu. Þessi mismunur veldur því að erfitt er að bera saman kerfi CO₂-skatta í aðildarríkjum EB og í Noregi. Eftirlitsstofnunin veitir eftirtekt upplýsingum sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram varðandi kostnað tiltekinna iðngreina vegna CO₂-skatts. Þessar tölur geta bent til þess að fyrir sumar iðngreinar a.m.k. sé nauðsynlegt að bæta upp kostnað vegna CO₂-skattsins. Á grundvelli þessa má líta svo á að undanþágur fyrir tilteknar iðngreinar, samkvæmt norska skattkerfinu fyrir CO₂-skatt, séu réttlætanlegar með það fyrir augum að bæta upp skerta samkeppnishæfni. Til að gæta jafnvægis á milli umhverfislegra sjónarmiða og þeirra sjónarmiða að viðhalda samkeppnisskilyrðum tiltekinna iðngreina verða undanþágurnar, sem um er að ræða, þó að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum.

Andstætt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í lið 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál, er undanþágan frá CO₂-skattinum hvorki skilyrt því að gerðir hafi verið umhverfissamningar né heldur greiða fyrirtæki, sem eiga rétt á undanþágu eða endurgreiðslu, umtalsvert hlutfall af innlenda skattinum (þar eð þau njóta fullrar undanþágu; þegar skatturinn er endurgreiddur þarf eftirlitsstofnunin að fá upplýsingar um endurgreiðsluhlutfall til að geta metið hvort viðkomandi fyrirtæki greiði engu að síður umtalsvert hlutfall af skattinum).

Að því er varðar umhverfisáhrif af koldíoxíðsskattinum hvarf eftirlitsstofnunin að engar upplýsingar hafa verið lagðar fram í samræmi við 7. lið leiðbeininganna um umhverfismál sem gætu sýnt hvort CO₂-skatturinn hefði þau áhrif að það drægi úr losun koltvísýrings.

Andstætt skilyrðum 45. liðar leiðbeininganna um umhverfismál, hefur norska ríkisstjórnin ekki sýnt fram á að undanþágurnar grafi ekki undan almennum markmiðum með CO₂-skattinum. Í þessu sambandi veitir eftirlitsstofnunin eftirtekt upplýsingum sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram varðandi kostnað tiltekinna iðngreina vegna losunar koltvísýrings. Miðað við þessar upplýsingar virðist losun koltvísýrings af völdum iðngreina, sem eru undanþegnar CO₂-skattinum, nema u.þ.b. 66% af heildarlosun koltvísýrings. Á grundvelli þessa hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um hvort kröfurnar í 45. lið leiðbeininganna um umhverfismál hafi verið uppfylltar.

Andstætt því sem krafist er í 43. lið í leiðbeiningunum um umhverfismál hefur norska ríkisstjórnin hvorki sýnt fram á að undanþágurnar séu til bráðabirgða né heldur tímasett neinar skuldbindingar að því er varðar takmörkun aðstoðar.

⁽⁵⁰⁾ Sjá yfirlit yfir umhverfisskatta í Evrópusambandinu í skýrslu til umhverfisstofnunar EB „DG Environment“, „Uppfært gagnasafn um umhverfisskatta og -gjöld“, Stefan Speck og Paul Ekins, júlí 2000; sjá einnig gagnasafn EB um umhverfisskatta: http://europa.eu.int/comm/environment/enveco/env_database/database.htm.

Varðandi lækkað skatthlutfall fyrir pappírs- og pappírsdeigsiðnað hefur norska ríkisstjórnin haldið því fram að sá lægri skattur, sem þessi iðnaður á að greiða, myndi fara yfir samsvarandi skatt í Evrópubandalaginu sem er 18 € á hverja 1 000 lítra (0,14 norskar krónur á hvern lítra). Þess vegna taldi norska ríkisstjórnin að lækkaði skatturinn væri í samræmi við fyrsta valkost í b-lið liðar 46.1.

Eins og eftirlitsstofnunin hefur lýst yfir hér að framan er enginn samræmdur CO₂-skattur til innan bandalagsins. Þess vegna virðist svo sem ekki sé unnt að beita fyrsta valkosti í b-lið liðar 46.1. í leiðbeiningunum um umhverfismál. Auk þess vekur eftirlitsstofnunin athygli á því að engar frekari upplýsingar voru lagðar fram sem gætu sýnt að þetta skatthlutfall yrði fyrirtækjum í pappírs- og pappírsdeigsiðnaði hvatning til að auka umhverfisvernd.

Varðandi möguleikann á tímabundinni undanþágu samkvæmt öðrum valkosti í b-lið liðar 46.1. í leiðbeiningunum um umhverfismál, vekur eftirlitsstofnunin athygli á því að lækkaða skatthlutfallið nemur ekki meira en 50% af venjulegum CO₂-skatti. Eftirlitsstofnunin útilokar ekki að líta megi á þennan hundradshluta sem „umtalsvert hlutfall“ af innlenda skattinum. Eins og þegar hefur verið bent á í málsgreininni hér á undan getur eftirlitsstofnunin þó ekki komist að þeirri niðurstöðu að kröfunum í leiðbeiningunum sé fullnægt án þess að hafa upplýsingar um áhrifin af þessum lækkaða skatti á viðkomandi iðngrein og einkum hvort þetta hlutfall hvetji til aukinnar umhverfisverndar.

Loks veitir eftirlitsstofnunin því athygli að CO₂-skatturinn á jarðefnaolíu, sem var tekinn upp árið 1991, er „gildandi skattur“. Eftirlitsstofnunin vekur athygli á því að samkvæmt upplýsingum, sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram, var lækkað hlutfall fyrir pappírs- og pappírsdeigsiðnað ekki innleitt fyrr en seinna, þ.e. árið 1993. Á grundvelli þessa hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um það hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í lið 46.2 í leiðbeiningunum um umhverfismál, sé fullnægt þar eð undanþága frá almenna hlutfallinu virðist ekki hafa verið ákveðin þegar skatturinn var tekinn upp. Auk þess vekur eftirlitsstofnunin athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki veitt upplýsingar sem gera eftirlitsstofnuninni kleift að meta hvort undanþágan, skv. lið 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál, hafi átt rétt á sér við þessar aðstæður.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar, og ef frekari rannsókn staðfestir að ráðstafanirnar, sem um er að ræða, séu aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í leiðbeiningunum um umhverfismál, séu uppfylltar að því er varðar frávikin frá CO₂-skattinum.

SO₂-skattur

Eftirlitsstofnunin vekur í upphafi athygli á að eins og sakir standa er enginn samræmdur SO₂-skattur til innan bandalagsins. Eftirlitsstofnuninni er kunnugt um að í nokkrum aðildarríkjum EB hafa verið teknir upp SO₂-skattar (einkum í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku) ⁽⁵¹⁾. Þessir skattar eru mjög mismunandi með tilliti til skatthlutfalls og uppbyggingar, þ.m.t. fyrirkomulag á undanþágum og endurgreiðslu. Þessi mismunur veldur því að erfitt er að bera saman kerfi SO₂-skatta í aðildarríkjum EB og í Noregi. Eftirlitsstofnunin veitir eftirtekt upplýsingum sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram varðandi kostnað tiltekinna iðngreina vegna SO₂-skatta. Þessar tölur geta bent til þess að fyrir sumar iðngreinar a.m.k. sé nauðsynlegt að bæta upp kostnað vegna SO₂-skattsins. Á grundvelli þessa má líta svo á að undanþágur fyrir tilteknar iðngreinar samkvæmt norska SO₂-skattkerfinu séu réttlætunarlegar til að bæta upp skerta samkeppnishæfni.

Til að gæta jafnvægs á milli umhverfislegra sjónarmiða og þeirra sjónarmiða að viðhalda samkeppnisskilyrðum tiltekinna iðngreina verða undanþágurnar, sem um er að ræða, þó að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum.

Samkvæmt upplýsingum norsku ríkisstjórnarinnar (sbr. bréf, dags. 31. janúar 2002) voru undanþágurnar frá sköttum, t.d. það að leggja hvorki skatt á notkun kola og koks né á hreinsistöðvarnar, í samræmi við leiðbeiningarnar um umhverfismál.

Norska ríkisstjórnin hélt því fram að niðurfelling skattsins væri háð því að samið væri um viljayfirlýsingu og að líta mætti svo á að niðurfelling skattsins væri til bráðabirgða. Í þessu sambandi vísaði hún til yfirlýsingar í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2002 (þingsályktunartillaga nr. 1 (2001-2002)): „*Sem liður í samningnum við samtök norskra fyrirtækja í vinnsluðnaði skal fella niður lækkaða skattinn á kol og koks og olíuhreinsistöðvar til ársins 2010*“. Norska ríkisstjórnin greindi eftirlitsstofnuninni enn fremur frá því

⁽⁵¹⁾ Sjá yfirlit yfir umhverfisskatta í Evrópusambandinu í skýrslu til umhverfisstofnunar EB „DG Environment“, „Uppfært gagnasafn um umhverfisskatta og -gjöld“, Stefan Speck og Paul Ekins, júlí 2000; sjá einnig gagnasafn EB um umhverfisskatta: http://europa.eu.int/comm/environment/envco/env_database/database.htm.

að einnig hefði verið gefið til kynna við fjárlagagerð ríkisins fyrir árið 2002 að norska ríkisstjórnin hygðist fella niður í áföngum nügildandi undanþágu frá skatti fyrir árið 2010.

Eftirlitsstofnunin bendir á að jafnvel þótt norska ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún hygðist fella niður nügildandi „undanþágu frá skatti“ fyrir árið 2010 vekur eftirlitsstofnunin athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram neina formlega skuldbindingu sem gæti á löglegan hátt takmarkað gildistíma undanþágunnar við tíu ár að hámarki. Þess vegna lítur eftirlitsstofnunin ekki svo á að aðstoðin sé einungis til bráðabirgða eins og gerð er krafa um skv. 43. lið í leiðbeiningunum um umhverfismál.

Enn fremur vekur eftirlitsstofnunin athygli á því að SO₂-skatturinn er ekki „nýr skattur“ í skilningi liðar 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál. Samkvæmt lið 46.2 í leiðbeiningunum um umhverfismál má beita ákvæðunum í lið 46.1 gagnvart gildandi sköttum ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Í þessu sambandi vekur eftirlitsstofnunin athygli á að norska ríkisstjórnin hefur ekki rökstutt það hvers vegna eigi að vera unnt að nýta möguleikann á undanþágu í þessu tilviki.

Mikilvægara er þó að eftirlitsstofnunin hefur efasemdir um hvort samþykkt viljayfirlýsingar samtaka norskra fyrirtækja í vinnsluðnaði og umhverfisráðuneytisins, svo og samþykkt mögulegra leyfa eða takmarkana á leyfum norskra mengunarvarnaryfirvalda síðar, nægi til að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í lið 46.1 í leiðbeiningunum um umhverfismál.

Eins og eftirlitsstofnunin hefur þegar bent á í bréfi sínu, dags. 28. febrúar 2002, er viljayfirlýsingin ekki lagalega bindandi fyrir málsaðila. Enn fremur virðist niðurfelling SO₂-skattsins ekki vera háð skilyrðum um framkvæmd ráðstafananna sem eru fyrirhugaðar samkvæmt viljayfirlýsingunni. Yfirlýsingin í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2002 getur tæplega talist fullnægjandi. Í þessu sambandi vekur eftirlitsstofnunin sérstaka athygli á því að engin viðurlög eru við því ef fyrirtækin, sem njóta undanþágunnar, standa ekki við skuldbindingar sínar. Loks er eftirlitsstofnuninni ekki ljóst hvort sú skylda að draga úr losum brennisteinsdíoxíðs er innifalin í viljayfirlýsingunni eða leyfum norskra mengunareftirlitsyfivalda til losunar.

Þess er krafist í leiðbeiningunum um umhverfismál að til þess að geta nýtt sér tíu ára undanþáguna verði skuldbindingar, sem eru gerðar samkvæmt samningum eða öðrum ákvæðum sem hafa sömu áhrif, að leiða til þess að fyrirtækin, sem njóta undanþágunnar, dragi úr losun umfram þá losun sem fylgir venjulegri starfsemi. Umhverfisáhrif samninganna, eða annarra ákvæða sem hafa sömu áhrif, verða að vera a.m.k. eins mikil og umhverfisáhrif skattanna sem þeir koma í staðinn fyrir.

Norska ríkisstjórnin greindi eftirlitsstofnuninni frá því í bréfi, dags. 15. maí 2002, að losun brennisteinsdíoxíðs frá vinnsluðnaðinum væri nú þegar háð lagalega bindandi reglugerðum um leyfi til losunar eins og kveðið er á um í lögnum um eftirlit með mengun. Þessar reglugerðir hefðu nú þegar leitt til þess að dregið hefði verið úr losun brennisteinsdíoxíðs sem nemur í kostnaði meira en 3 norskum krónum á hvert kíló brennisteinsdíoxíðs. Frá 1990 til 2000 hefði dregið úr losun frá iðnaði svo að næmi 13.500 tonnnum og hefði losunin verið 17.100 tonn árið 2000. Aðeins 800 tonn af þessari minnkun hefði átt sér stað á árunum frá 1998 til 2000 þegar SO₂-skatturinn var í gildi ⁽⁵²⁾.

Eftirlitsstofnunin veitir því athygli að eins og sakir standa hafa iðngreinar, sem njóta góðs af undanþágunni frá SO₂-skattinum, ekki tekið á sig neinar fastar skuldbindingar varðandi slíka lækkun og eftirlitsstofnunin hefur heldur ekki neinar nánari upplýsingar um efni leyfa vegna framtíðarlosunar.

Upplýsingarnar frá norsku ríkisstjórninni, um það hve mikið hafi dregið úr losun brennisteinsdíoxíðs með beitingu fyrrverandi skattkerfis, gætu bent til þess að viðkomandi iðngreinar þyrftu að sýna meiri árangur til ársins 2010 en náðst hefur til þessa við losun brennisteinsdíoxíðs með álagningu skattsins. Miðað við það að ítarlegri og sannprófanlegri upplýsingar skortir getur eftirlitsstofnunin þó ekki fullvissað sig um að árangur fyrirtækjanna samkvæmt umsaminni viljayfirlýsingu eða í tengslum við losunarmörk, sem eru bindandi til framtíðar og norsk mengunareftirlitsyfivöld setja, sé í réttu hlutfalli við undanþáguna frá sköttum.

Auk þess veitir eftirlitsstofnunin því athygli að ekki kemur skýrt fram í upplýsingunum, sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram, hvort losunarleyfi, sem hafa áður verið veitt, og einnig hugsanleg mörk fyrir losun í framtíðinni, fari yfir bindandi staðla bandalagsins í skilningi leiðbeininganna um umhverfismál. Í 7. lið leiðbeininganna um umhverfismál er „staðall bandalagsins“ skilgreindur sem skyldubundinn staðall innan Evrópubandalagsins þar sem sett eru mörk sem fara verður eftir í umhverfismálum og gert að skyldu að nota fullkomnustu tækni sem völ er á og hefur ekki of mikinn kostnað í för með sér ⁽⁵³⁾. Í þessu sambandi

⁽⁵²⁾ Norska ríkisstjórnin greindi eftirlitsstofnuninni frá því að gögn um losun árið 2001 lægju ekki enn fyrir.

⁽⁵³⁾ Í 5. nmgr. í leiðbeiningunum um umhverfismál er skýrt frá því að slíkir staðlar verði EES-staðlar þegar þeir verða hluti af EES-samningnum. Í 6. nmgr. í leiðbeiningunum um umhverfismál er vísað í viðkomandi tilskipanir EB sem falla undir EES-samninginn.

vekur eftirlitsstofnunin athygli á að engar upplýsingar voru veittar sem hefðu gert eftirlitsstofnuninni kleift að kanna hvort og í hvaða mæli slík hugsanleg framtíðarmörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs yrðu hærri en í samhæfðum stöðlum, svo sem mörkin sem mælt er fyrir um í tilskipun EBE um loftgæðastaðla er varða brennisteinsdíoxíð⁽⁵⁴⁾ og hvort slík mörk til framtíðar yrðu hærri en gerð er krafa um í kjölfar tilskipunarinnar um loftmengun frá iðjuverum⁽⁵⁵⁾ og tilskipuninni um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC-tilskipuninni)⁽⁵⁶⁾.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar, og ef frekari rannsókn staðfestir að ráðstafanirnar, sem um er að ræða, séu aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í leiðbeiningunum um umhverfismál, séu uppfylltar að því er varðar niðurfellingu á hluta af SO₂-skattinum.

Lokaathugasemdir og niðurstöður

Á grundvelli upplýsinganna, sem norska ríkisstjórnin hefur lagt fram, getur eftirlitsstofnunin ekki útilokað að undanþágurnar frá raforkuskattinum, frávik frá CO₂-skattinum og niðurfelling SO₂-skattsins séu aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Enn fremur hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að unnt sé að líta svo á að þessar ráðstafanir samrýmist c-lið 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum ásamt kröfunum sem mælt er fyrir um í nýju leiðbeiningunum um umhverfismál. Þar af leiðandi hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um að framangreindar ráðstafanir samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

Þar af leiðandi, og í samræmi við lið 5.2 í 5. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð, ber eftirlitsstofnuninni skylda til að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun nr. 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ákvörðunin um að hefja málsmeðferð er með fyrirvara um lokaákvörðun eftirlitsstofnunarinnar en hún kann að komast að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar, sem um er að ræða, séu samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Eftirlitsstofnunin hefur ákveðið að hefja formlegu rannsóknina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun nr. 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að því er varðar:
 - iðngreina- og svæðatengdar undanþágur frá skattinum á raforkunotkun,
 - undanþágurnar frá CO₂-skattinum á kol og koks sem eru notuð sem hráefni eða afoxunarefni í iðnaði og einnig frá skatti á kol og koks sem eru notuð sem orkugjafi við framleiðslu á sementi og þöndum leir og frá lækkaða hlutfallinu á CO₂-skattinum á pappírs- og pappírsdeigsíðnaði, og
 - niðurfellingu SO₂-skattsins á kol, koks og olíuhreinsun.
2. Norska ríkisstjórnin er hvött til þess, skv. 1. undirlið liðar 5.3.1. í 5. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð, að leggja fram athugasemdir sínar varðandi formlega rannsókn innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um þessa ákvörðun
3. Óskað er eftir því við norsku ríkisstjórnina að hún leggi fram allar upplýsingar sem gera eftirlitsstofnuninni kleift að rannsaka samhæfi viðkomandi skattaráðstafana við EES-samninginn innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 26. júlí 2002.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Einar M. Bull

forseti

⁽⁵⁴⁾ Tilskipun ráðsins 80/779/EBE sem var felld inn í EES-samninginn með 14. lið í XX. viðauka við EES-samninginn.

⁽⁵⁵⁾ Tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum sem var felld inn í EES-samninginn með 16. lið XX. viðauka við EES-samninginn.

⁽⁵⁶⁾ Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun sem var felld inn í EES-samninginn með g-lið 2. liðar í XX. viðauka við EES-samninginn.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.2995 – Apax Europe V/Goldman Sachs/Providence/Telekom Cable/JV)

2003/EES/8/02

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30.1.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Apax Europe V (Guernsey/Ermasundseyjar), The Goldman Sachs Group, Inc., („Goldman Sachs“, Bandaríkjunum) og Providence Equity Partners Ltd. („Providence“, Breska konungsríkinu) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirlit yfir fyrirtækjunum Kabel Hamburg/Schleswig-Holstein/Mecklenburg-Vorpommern GmbH & Co. KG, Kabel Niedersachsen/Bremen GmbH & Co. KG, Kabel Berlin/Brandenburg GmbH & Co. KG, Kabel Sachsen/Sachsen-Anhalt/Thüringen GmbH & Co. KG, Kabel Rheinland-Pfalz/Saarland GmbH & Co. KG, og Kabel Bayern GmbH & Co. KG (til samans kölluð „fylkiskapalfyrirtækin“, Þýskalandi) ásamt MSG Media Service GmbH („MSG“, Þýskalandi) og DeTeKabelService Deutsche Telekom Kabel Service GmbH („DeTeKS“, Þýskalandi), með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Apax Europe V: fjárfestingarsjóður,
 - Goldman Sachs: fjárfestingarbankastarfsemi, eignastjórnun, verðbréfaþjónusta,
 - Providence: fjárfestingarsjóður,
 - fylkiskapalfyrirtækin: rekstur svæðisbundinna kapalneta,
 - MSG: tæknilegur rekstur og markaðssetning á rásum og stafrænum torgum um breiðbandskapalnet,
 - DeTeKS: breiðbandskapalþjónusta við neytendur.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 27, 5.2.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.2995 – Apax Europe V/Goldman Sachs/Providence/Telekom Cable / JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3035 Berkshire Hathaway/Converium/Gaum)**

2003/EES/8/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 29.1.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Northern States Agency, Inc („Northern States“, Bandaríkjunum), sem stjórnad er af samstæðunni Berkshire Hathaway („Berkshire“, Bandaríkjunum), og Converium AG („Converium“, Sviss) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir Global Aerospace Underwriting Managers Limited („Gaum“, Breska konungsríkinu) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
